

Nr. 9/1995.

Mánudaginn 15. janúar 1996.
Bandalag háskólamanna BHMR f.h.
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,
Félags íslenskra náttúrufræðinga,
Meinataeknafélags Íslands,
Röntgenteknafélags Íslands og
Stéttarfélags sjúkrapjálfa í ríkisþjónustu
 (Ragnar H. Hall hrl.)
 gegn
fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins
 (Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem dómtekið var 15. desember sl., var þingfest 30. mars 1995.

Hinn 7. júní 1995 varð sátt með aðilum um tiltekin atriði málsins.

Hinn 21. júní 1995 var kveðinn upp úrskurður þar sem tilteknum kröfum stefnanda var vísað frá dómi.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna BHMR, kt. 630387-2566, Lágmúla 7, Reykjavík, f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, kt. 570194-2409, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík, Félags íslenskra náttúrufræðinga, kt. 530169-4139, Lágmúla 7, Reykjavík, Meinataeknafélags Íslands, kt. 481178-0299, Lágmúla 7, Reykjavík, Röntgenteknafélags Íslands, kt. 521187-1159, Borgartúni 33, Reykjavík, og Stéttarfélags sjúkrapjálfa í ríkisþjónustu, kt. 690372-0299, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda.

Að eftirtaldar breytingar á skrá, sem birt var sem auglýsing nr. 27/1992, samkvæmt 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem gerðar voru með nýrri skrá sem birt var með auglýsingu nr. 68/1995 í B – deild Stjórnartíðinda þann 27. janúar 1995 á grundvelli sama lagaákvæðis, verði felldar úr gildi með dómi:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Sjúkrahúsið Akranesi:

Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
Svæfingadeild.	Hjúkrunarfræðingar. Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
Rannsóknarstofa.	Yfirmeinataeknar. Dagvinna (0,5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Sjúkrahúsið Patreksfirði:

Rannsóknarstofa.	Meinataeknar. Gæsluvakt (1) frá 08-24.
------------------	---

Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi:

Rannsóknarstofa.	Meinataeknar. Dagvinna (0,5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Röntgen.	Röntgenteknar. Dagvinna (0,5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Sjúkrahús Skagfirðinga, Sauðárkróki:

Rannsóknarstofa.	Meinataeknar/náttúrufræðingur. Dagvinna (0,5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Skurðstofa.	Hjúkrunarfræðingar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri:

Sjúkraþjálfaradeild.	Sjúkraþjálfarar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Meinafræðideild.	Meinataeknar. Dagvinna (0,5). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.
Rannsóknardeild og blóðbanki.	Meinataeknar. Dagvinna (1). Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Sjúkrahúsið Húsavík:

Skurðstofa.

Hjúkrunarfræðingar.

Gæsluvakt (1,4).

Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað:

Meinataeknar (0,5).

Sjúkrahúsið Egilsstöðum:

Rannsókn (sameiginleg með
heilsugæslu).

Meinataeknar.

Dagvinna (0,5).

Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi:

Skurðstofa.

Hjúkrunarfræðingar.

Gæsluvakt (1).

Rannsókn.

Meinataeknar.

Dagvinna (0,5)

Gæsluvakt (1) utan dagvinnu.

Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum:

Skurðstofa.

Hjúkrunarfræðingar.

Gæsluvakt (2).

Sjúkrahús Suðurnesja:

Skurðstofa.

Hjúkrunarfræðingar.

Gæsluvakt (3) virka daga.

Rannsóknarstofa.

Meinataeknar.

Gæsluvakt (2,8) frá 08-24.

Ríkisspítalar:

(4. Ríkisspítalar, stoðdeildir).

1. Endurhæfingardeild, unnið Sjúkraþjálfarar (1).

er skv. fyrirfram ákveðnu
vaktakerfi.Sjúkraþjálfarar á gæsluvakt allan
sólarhringinn (1).(7. Ríkisspítalar, rann-
sóknarstofur).

Rannsóknarstofa í meinafræði (RH), litn. rannsóknir og réttar-
læknisfræði:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. Gæsluvakt á litningarann-
sóknnum er kl. 08-16 á almennum og sérstökum frídögum. Meina-
tæknir og náttúrufræðingur skiptast á að ganga gæsluvaktir. Unnið
er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Litningarannsóknir. Meinataeknar (1).
 Náttúrufræðingar (1).
 Meinataeknar/náttúrufræðingar á
 gæsluvakt (1).

Rannsóknarstofa í meinafræði (RH), vefjarannsóknir 1 og 2.

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins ... Gæsluvakt er kl. 16-18 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

3. Vefjarannsóknir 1. Meinataeknar (1).
 Meinataeknar á gæsluvakt (1).
4. Vefjarannsóknir 2. Meinataeknar (1).

Rannsóknarstofur í blóðmeina- og meinefnafræði:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins ... Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Blóðmeina- og meinefnafræði. Meinataeknar (4).
 Meinataeknar á gæsluvakt (1).

Rannsóknarstofa í meinefnafræði, ísótópastofa:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. ... Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

2. Ísótópastofa. Meinataeknar á gæsluvakt (1).

Sýklarannsóknadeild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins. ... Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Sýklafræðideild. Meinataeknar (2).
 Meinataeknar á gæsluvakt (1).

Ónæmisfræðideild:

Tilgreind mönnun er alla daga eins og felst í gæsluvakt allan sólarhringinn. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Ónæmisfræðideild. Meinataeknar á gæsluvakt (1).

Veirufræðideild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring. Á virkum dögum er

daglegur vinnutími á almennri deild kl. 08-16 en annar starfsmaðurinn vinnur áfram til kl. 20. Á almennum og sérstökum frídögum er daglegur vinnutími kl. 09-17. Gæsluvakt vegna áhætturannsókna er kl. 08-24 virka daga en allan sólarhringinn aðra daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

- | | |
|----------------------|--|
| 1. Almenn deild. | Meinataeknar (1).
Náttúrufræðingar (1). |
| 2. Áhætturannsóknir. | Náttúrufræðingar á gæsluvakt (1). |

Blóðbankinn:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. Gæsluvakt á blóðónæmisdeild er kl. 16-08 virka daga og allan sólarhringinn aðra dag. ... Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

- | | |
|---------------------|--|
| 1. Blóðónæmisdeild. | Náttúrufræðingar (4).
Náttúrufræðingar á gæsluvakt (2). |
|---------------------|--|

Röntgendeild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring. Gæsluvakt er 16-08 virka daga og allan sólarhringinn aðra daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

- | | |
|-------------------------|--|
| 1. Röntgen, virka daga. | Röntgentæknar (4).
Röntgentæknar á gæsluvakt (1). |
| 2. Röntgen, aðra daga. | Röntgentæknar á gæsluvakt (2). |

St. Jósefsspítali, Hafnarfirði:

Skurðstofur og sóttþreinsun: Hjúkrunarfræðingar.
Gæsluvakt (1).

Svæfingadeild: Hjúkrunarfræðingar.
Gæsluvakt (1).

Speglunardeild: Hjúkrunarfræðingar.
Dagvinna (0,5).

Rannsókn: Yfirmeinatæknir.
Dagvinna (0,5).
Gæsluvakt utan dagvinnu.

Pá er gerð krafa um málskostnað að mati Félagsdóms, en áskilinn

er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalmeðferð málsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda:

Aðallega að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara er þess krafist að Félagsdómur kveði á um breytingar á þeim liðum í auglýstri skrá nr. 68/1995, sem dómkröfur stefnanda varða, í samræmi við mat réttarins á mönnunarþörf samkvæmt ákvæðum 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Í öllum tilvikum er gerð sú krafa að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Um formhlið málsins.

Bandalag háskólamanna-BHMR kveðst vera bandalag stéttarfélag háskólamenntaðra launamanna og að innan raða þess séu einkum opinberir starfsmenn eða starfsmenn, sem falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Meðal hlutverka bandalagsins sé að efla aðildarfélög sín og veita þeim þann styrk sem unnt er hverju sinni.

Meðal aðildarfélaga bandalagsins séu þau fimm stéttarfélög, sem höfði mál þetta. Sé sá háttur, sem sé viðhafður í máli þessu, þ.e. að veita Bandalagi háskólamanna – BHMR umboð til að koma fram fyrir hönd félaganna fimm í málinu, til mikils réttarfarshagræðis og eigi sér t.d. fordæmi í dómi Félagsdóms frá 1. júní 1992 (bls. 485 og áfram í dómasafni Félagsdóms IX. bindi). Séu málsaðiljar sammála um að viðhafa þessa aðferð, enda breyti hún ekki því, að stéttarfélögin fimm teljist stefnendur málsins, sbr. 4. mgr. 27. gr. 1. 94/1986.

Stefnendur segja mál þetta eiga undir Félagsdóm á grundvelli 2. mgr. 19. gr. 1. 94/1986 in fine.

Stefnendur telja að stefndi fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins eigi einn að vera aðili til varnar í máli þessu. Ástæðan sé bæði sú, að skv. 1. mgr. 3. gr. 1. 94/1986 fari fjármálaráðherra með fyrirsvar fyrir ríkissjóð við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt lögnum og jafnframt fari þessi ráðherra með launamál starfsmanna ríkisins og málefni, sem varða réttindi ríkisstarfsmanna og skyldur, sbr. 8. og 9. tl. I. hluta 5. gr. auglýsingar nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands. Sé því eðlilegt að beina málshöfðun gegn fjármálaráðherra einum, enda samrýmist það 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um efnishlið málsins.

Stefnendur kveða háskólamenntaða starfsmenn ríkisins, sveitarfélaga og ýmissa stofnana, sem uppfyllt hafa tiltekin skilyrði, hafa fengið rétt til þess að fylgja kjarakröfum sínum fram með verkfalli með lögum nr. 94/1986. Nauðsynlegt hafi verið talið að undanskilja ýmsa starfsmenn rétti til þess að taka þátt í verkfalli. Sú grundvallarregla laganna, sem að þessu líti, og hér skiptir sérstöku máli, sé í 3. tl. 1. mgr. 19. gr., sbr. og upphafsákvæði greinarinnar en þar segi:

„Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

... 3. Þeirra, sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu“.

Stefnendur benda á, að hér sé um undantekningarreglu að ræða, sem feli í sér frávik frá þeirri almennu reglu 14. gr. laganna, að þeim sem undir löginn falli sé heimilt að taka þátt í verkfalli. Þetta sjáist berlega af því að í hinu tilvitnaða ákvæði sé notað hástígt lýsingarorðsins „nauðsynlegur“, þ.e. notað sé orðið „nauðsynlegustu“. Félagisdómur hafi margsinnis í úrlausnum sínum fallist á þetta viðhorf, m.a. í þeim dómi, sem vísað er til hér að framan.

Stefnendur segja að lög 94/1986 séu byggð upp með þeim hætti, að fyrirfram eigi að vera ljóst, hverjir eigi að vera að störfum, eða vera tilbúnir til þess að starfa. Því hafi 2. mgr. 19. gr. laganna að geyma fyrirmæli um að gerðir séu listar eða skrár m.a. um þá, sem falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna og þurfi að starfa svo fyrirmælum um að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé sinnt. Stefnendur segja að í lögnum sé ekki að finna fyrirmæli um það, hvernig slíkar skrár eða listar eigi að vera, en hins vegar sé að finna umfjöllun um það í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi til laganna, þegar það var lagt fram á Alþingi. Stefnendur telja að leggja beri áherslu á, að frumvarpinu fylgdi skrá, sem átti að vera sýnishorn og gerð var með samkomulagi fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga þeirra, sem hagsmuna höfðu að gæta og því hljóti að þurfa að líta til hennar, a.m.k. með aðferðina við tilgreiningu samkvæmt skránni.

Stefnendur segja að oft hafi risið ágreiningur við stefnda um það hvernig haga skuli tilgreiningu á skránni, og telja að þeirrar tilhneigingar hafi gætt hjá stefnda að hafa tilgreiningar þannig, að það sé langt umfram það sem þurfi til að sinnt sé nauðsynlegustu heil-

brigðisþjónustu. Dæmi séu þess, að tilgreind hafi verið störf, sem ekki væru til. Stefnendur telja að stefndi líti oft framhjá þeirri staðreynd, að meginatriði laganna sé réttur til verkfalls, en takmörkunin á þessum rétti sé undantekningin. Verkefnið sé því að tryggja að meginreglan geti gengið eftir, en ekki það, að öruggt sé að undantekningin sé tryggð. Þess vegna hafi oft, samkvæmt sérstakri heimild í 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986, þurft að bera undir Félagsdóm ágreining um breytingar á áður gildandi skráum.

Stefnendur kveða það einkum ráðast af tveimur atriðum, hvernig til takist um tilgreiningu á þeim, sem þurfi að vera í starfi til að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé sinnt.

Annars vegar þurfi að vera viðmiðun um efnislega takmörkun á þeim verkefnum, sem unnin eru, þ.e. þau þurfi að takmarkast við það sem telst þurfa til að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé sinnt. Slík tilgreining sé nauðsynleg til þess að starfsemi sé takmörkuð við nauðsynlegustu þjónustu.

Hins vegar þurfi helst, þó það sé ekki nauðsynlegt, ef fyrra atriðið feli í sér fullnægjandi afmörkun, að tilgreina fjölda þeirra, sem eiga að vera undanþegnir rétti til þátttöku í verkfalli.

Stefnendur segja að komin hafi verið á nokkuð skýr regla, hvernig best væri að háttu slíkri tilhögun, einkum á sjúkrahúsum, þar sem flest þau álitaefti, sem mál þetta tekur til, hafi risið. Stefnendur kveða tilgreiningu, sem byggist á því að starfsemi skuli vera með „stórhátíðarfyrirkomulagi“, hafa tíðkast allt frá því að sýnishornið, sem samkomulag varð um að fylgja skyldi frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 94/1986, hafi gefist best og verið langskýrust, einkum þar sem með henni hafi verið sameinaðar þær tvær meginleiðir um tilgreiningu, sem getið er um hér að framan. „Stórhátíðarfyrirkomulag“ sé eðlilega breytilegt eftir deildum, en meginkosturinn sé sá, að einungis þeirri þjónustu, sem sinnt er á stórhátíðum sé þá sinnt í verkfalli og falli það saman við það, sem telja má „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu“. Auk þess sé á hverjum vinnustað (deild) hverjum og einum ljóst, hvaða mönnum felst í stórhátíðarfyrirkomulagi og sé starfsmönnum ljóst með löngum fyrirvara, hver á að vinna á stórhátíð, eða þegar stórhátíðarfyrirkomulag tekur gildi. Stefnendur fullyrða að ekki hafi komið upp vandamál í verkföllum þeirra, um það hverjir eigi að starfa og almennt ekki hvaða verkefnum á að sinna þegar „stórhátíðarfyrirkomulag“ er við líði. Stefn-

endur taka einnig fram, að í slíkri tilgreiningu felist einnig sveigjanleiki að því leyti að breytilegt sé eftir tímanum, hvernig þurfi að manna starfsemi á stórhátíðum. Þannig leiði ný tækni oft til þess að færri geti sinnt tiltekinni starfsemi en áður var, en auk þess kalli ný læknisverk sem byrjað er að framkvæma oft á að auka þurfi mönnun samkvæmt þessu fyrirkomulagi. Með tilgreiningu um starfsemi samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi felist því viss sveigjanleiki, sem önnur skipan geti ekki falið í sér. Þess vegna hafi slík tilgreining færst mjög í aukana og í auglýsingu nr. 27/1992 um skrá skv. 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi slík tilgreining verið mjög víða á sjúkrastofnunum.

Stefnendur benda jafnframt á, að í 20. og 21. gr. laga 94/1986 sé regla, sem feli í sér þann öryggisventil, að hægt sé með samþykki beggja aðilja, að kalla fólk sem sé í verkfalli tímabundið til starfa til þess að afstýra neyðarástandi.

Með auglýsingu um sama efni nr. 68/1995, sem birt hafi verið í Stjórnartíðindum þann 27. janúar 1995, hafi stefndi söðlað um og horfið í mjög ríkum mæli frá því að tilgreining skuli vera með þeim hætti að starfsemi skuli vera með „stórhátíðarfyrirkomulagi“. Hafi skrá sú sem þá var birt almennt falið í sér miklu meiri mönnun starfsemi, en þörf er á til að sinna „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu“. Auk þess hafi stefndi í mjög mörgum tilvikum auglýst að starfsemi skuli vera með þeim hætti að staðnar skuli „gæsluvaktir“.

Stefnendur kveða slíka skipan ekki í samræmi við lögin, þar sem ekki séu neinar efnislegar takmarkanir á því hvort og þá af hvaða tilefni megi kalla þann til starfa, sem er á gæsluvakt. Þess vegna varði sú tilgreining einungis fjölda, en feli ekki í sér neina efnislega afmörkun þeirra starfa/verkefna sem sinna má í verkfalli. Stefnendur geta ekki fallist á slíka tilgreiningu og telja hana ekki í samræmi við fyrirmæli laganna, enda samrýmist það t.d. ekki þeirri skrá, sem birt var sem fylgiskjal með lagafrumvarpi því, sem áður hefur verið getið. Þá kveða stefnendur að stefndu hafi ekki með nokkrum hætti sýnt fram á, að þörf sé slíkra breytingar á tilgreiningum. Stefnendur kveðast hafa mótmælt breytingum þessum en til mótmæla þeirra hafi ekki verið litið, a.m.k. ekki í þeim mæli, sem fullnægjandi sé að mati félaganna. Benda stefnendur á að þeir hafi ekki einu sinni átt þess kost að sjá lokagerð skrárinnar áður en hún var send til birtningar.

Af framangreindum ástæðum neyti þeir heimildar 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986 og beri ágreining um breytingarnar undir Félagsdóm.

Kröfur stefnenda í máli þessu eru að fá þeim breytingum hnekk, sem tilgreindar eru í kröfugerð málsins.

Kröfum sínum til stuðnings byggja stefnendur að eigin sögn á þeim almennu málsástæðum, sem tilgreindar eru hér að ofan, en einnig á sérstökum málsástæðum, sem varða hvern einstakan kröfuflið og raktar eru hér að neðan.

Fyrst vilja þó stefnendur taka fram, að stefndi hafi við undirbúning þeirra stjórnvaldsfyrirmæla, sem út eru gefin í hinni tilvitnuðu skrá, farið svo á svig við fyrirmæli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, að breytingarnar geti ekki af þeirri ástæðu náð fram að ganga. Í því efni benda stefnendur á, að starfsmannaskrifstofa stefnda hafi fyrst með bréfi til sjúkrahúsa sem dagsett var miðvikudaginn 11. janúar 1995 óskað eftir tilgreiningum á lista og breytingum. Viðkomandi sjúkrahús hafi átt að skila svörum fyrir mánudaginn 16. sama mánaðar. Strax þann 17. janúar voru stéttarfélögum, að sögn stefnenda, sendar upplýsingar um þær breytingar sem gerð hafi verið tillaga um. Stéttarfélögunum bárust bréf þessi miðvikudaginn 18. janúar 1995 og áttu að skila athugasemdum sínum fyrir lok 25. sama mánaðar, enda eru fyrirmæli í lögunum um að viðkomandi skrá eigi að birta fyrir 1. febrúar ár hvert.

Stefnendur telja, að í ljósi fyrirmæla 10. gr. stjórnarsýslulaga, hafi stefnda borið að leggja faglegt mat á þær tillögur að breytingum, sem hinar einstöku stofnanir gerðu, enda beri þær oft með sér að ekki sé fyrir hendi skilningur á því, hvað telja beri nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Engin slík athugun hafi farið fram á vegum stefnda. Beri skráin, sem auglýst var sem nr. 68/1995, með sér að hún sé illa undirbúin og í henni sé innbyrðis ósamræmi í tilgreiningum.

Þá telja stefnendur, að réttur þeirra til andmæla eða samráðs, sem fyrirmæli eru um í 2. mgr. 19. gr. l. 94/1986, hafi ekki verið virtur réttilega. Telja stefnendur, að sú staðreynd, að einungis var veittur viku frestur til samráðsins og andmæla af þeirra hálfu sé fjarri því að vera nægilegur, enda hafi stefnda verið í lófa lagið að hefja undirbúning að gerð listans miklu mun fyrr en hann gerði.

Framangreindir ágallar við undirbúning og meðferð að birtingu skrárinnar, sem birt var með auglýsingum nr. 68/1995, eigi að leiða

sjálfstætt til þess að þær breytingar á eldri skrá, sem hún felur í sér og krafa er gerð um að falli brott, eigi að falla brott.

Stefnendur benda á, að röksemdir vegna einstakra kröfuliða séu í flestum tilvikum ekki lögfræðilegs eðlis. Þeir telja því rétt að vekja athygli á 62. gr. laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeildur, þar sem segir efnislega að Félagsdómur geti hvenær sem er leitað álits sérfróðra manna um ákveðin atriði. Með þessu ákvæði telja stefnendur tryggt að Félagsdómur geti leitað sérfræðilegs álits á þeim atriðum sem þörf er á við mat á réttmæti kröfugerðar aðila í máli þessu.

Að því er varðar einstaka kröfuliði er eftirfarandi tekið fram.

Sjúkrahúsið á Akranesi.

Stefnendur vilja fella niður tilgreiningar, sem fela það í sér að gæsluvakt skuli vera á allan sólarhringinn. Stefnendur telja að í því felist mikil aukning á störfum frá því sem var samkvæmt auglýsingu 27/1992, en samkvæmt því ákvæði áttu t.d. hjúkrunarfræðingar og meinatæknar að starfa eins og á stórhátíð. Var sú tilgreining rétt að mati stefnenda og ætti að vera óbreytt. Stefnendur vekja hér sérstaka athygli á því að í tilgreiningu þeirri, sem krafist er að felld verði brott, felist engin efnisleg takmörkun á þeim verkefnum sem vinna má í verkfalli, en slík takmörkun felist eðli málsins samkvæmt í eldri tilgreiningu um að stórhátíðarfyrikomulag skuli gilda.

Stefnendur telja einnig að tilgreining um að yfirmeinatæknir skuli starfa sé of víðtæk. Eðlilegt væri að tilgreina að meinatæknar og röntgentæknar skuli starfa eins og á stórhátíð.

Við munnlegan málfutning var því haldið fram að hálf starf geti ekki gengið. Starfsmaður geti ekki verið að hluta til í verkfalli og að hluta til í starfi.

Sjúkrahúsið Patreksfirði.

Mótmælt er hinni breyttu tilgreiningu, sem felst í auglýsingu nr. 68/1995. Rökkin fyrir þeim mótmælum eru að meginstefnu til hin sömu og rakin hafa verið í fyrri lið, þ.e. hin nýja tilgreining sé miklu víðtækari en tilgreiningin samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992, sem mælti fyrir um að meinatæknar skuli starfa eins og á stórhátíð. Megi vísa til fyrri röksemda um þetta atriði.

Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi.

Sjúkrastofnun þessi sé í auglýsingu nr. 27/1992 nefnd Héraðshæli A. Húnvetninga, Blönduósi.

Breytingar þær, sem mótmælin lúta að, felast í tilgreiningu að því er varðar störf á rannsóknarstofu og röntgen. Hinni nýju tilgreiningu er mótmælt með sömu röksemdum og áður hafa komið fram, þ.e. að tilgreiningin sé of víðtæk og langt umfram það sem þörf sé á til þess að veita nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Ekkert sé getið um röntgen í auglýsingu nr. 27/1992, en tekið er fram, að meinataeknar skuli starfa eins og á stórhátíð.

Af hálfu stefnenda er því lýst yfir að þeir geti fallist á, ef stefndi er reiðubúinn til þess, að tilgreiningu verði breytt með þeim hætti að meinataeknar og röntgenteknar á rannsóknarstofu röntgen starfi eins og á stórhátíðum.

Við munnlegan málflutning var því sérstaklega mótmælt að starfsmenn væru í hálfu starfi, sbr. fyrri mótmæli þar að lútandi.

Sjúkrahús Skagfirðinga, Sauðárkróki.

Kröfugerð, að því er þetta sjúkrahús varðar, lýtur að því að felldar verði út breyttar tilgreiningar um störf á rannsóknarstofu og skurðstofu. Rökin fyrir kröfum þessum eru hin sömu og áður hafa komið fram, þ.e. að tilgreining í auglýsingu 68/1995 feli í sér mönnun og fyrirkomulag, sem sé langt umfram það sem þörf sé á til þess að fullnægt sé kröfum um að sinnt sé nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Í auglýsingu nr. 27/1992 hafi starfsemi á tilgreindum „deildum“ þessa sjúkrahúss verið sú að starfsemi þar skyldi vera eins og á stórhátíðum. Telja stefnendur að sú tilgreining sé rétt og eðlileg og tryggi að markmiðum um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé náð.

Þá var hálfu starfi sérstaklega mótmælt við munnlegan flutning málsins.

Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

Mótmælt er tilgreiningu um störf á sjúkrapjálfaradeild. Engin starfsemi hafi verið tilgreind á þessari deild í auglýsingu nr. 27/1992, og telja stefnendur að í raun sé engar slíkrar tilgreiningar þörf. Stefnendur lýsa því þó yfir að þeir gætu fallist á að tilgreining yrði sú að sjúkrapjálfarar á sjúkrapjálfaradeild starfi eins og á stórhátíð.

Mótmælt er tilgreiningu um störf á meinafræðideild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Sé tilgreiningin of víðtæk. Í auglýsingu nr. 27/1992 sé tekið fram að meinataeknar á meinafræðideild skuli vera einn. Stefnendur taka fram að þeir teldu réttustu tilgreininguna

vera þá að á meinafræðideild skuli starfsemi vera eins og á stórhátíðum.

Jafnframt er mótmælt tilgreiningu um störf á rannsóknardeild og blóðbanka á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Vísast um það til þeirra röksemda sem áður hafa komið fram, en samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldi einungis vera í gangi bakvakt á rannsóknardeild og blóðbanka. Feli því tilgreining í auglýsingu nr. 68/1995 í sér mikla aukningu frá því sem áður var. Er þeirri breytingu því mótmælt. Stefnendur taka fram að hér sem endranær væri eðlilegast að tilgreiningin yrði sú að starfsemi á rannsóknardeild og blóðbanka skuli vera eins og á stórhátíðum.

Við munnlegan málflutning var hálfu starfi sérstaklega mótmælt.
Sjúkrahúsið á Húsavík.

Mótmælt er tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995 um störf á skurðstofu:

Tilgreiningin í téðri auglýsingu feli í sér mikla aukningu frá því sem áður var. Í auglýsingu nr. 27/1992 hafi verið tekið fram að starfsemi á þessari deild skyldi vera eins og á stórhátíð og telja stefnendur þá tilgreiningu vera efnislega réttasta og skýrasta. Stefnendur leggja áherslu á að mönnun sú, sem auglýsingin frá 1995 geri ráð fyrir á hinum tilgreindu deildum, sé allt of mikil miðað við fyrirmæli 19. gr. laga nr. 94/1986 í ljósi meginreglunnar um verkfallsrétt þeirra starfsmanna, sem undir löggin falli.

Við munnlegan málflutning var gæsluvakt 1,4 sérstaklega mótmælt.

Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað.

Stefnendur mótmæla tilgreiningu á störfum meinataekna á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað og telja hana allt of víðtæka miðað við þörf á að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Í auglýsingu nr. 27/1992 hafi verið fyrirmæli um að störf á rannsóknarstofu og röntgen skuli vera eins og á stórhátíð og telja stefnendur það rétta tilgreiningu og þá sem samræmist best fyrirmælum laganna.

Við munnlegan málflutning var hálfu starfi sérstaklega mótmælt.
Sjúkrahúsið Egilsstöðum.

Mótmælt er hinni nýju tilgreiningu á störfum meinataekna, sem sé allt of víðtæk miðað við fyrirmæli 19. gr. laga 94/1986. Í auglýsingu nr. 27/1992 hafi verið tiltekið að störf skyldu vera hjá meinataeknum eins og á stórhátíð og telja stefnendur það vera rétta tilgreiningu.

Við munnlegan málflutning var hálfu starfi sérstaklega mótmælt. *Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.*

Mótmælt er þeim breytingum sem felast í tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995 varðandi skurðstofu og rannsókn. Tilgreiningin í auglýsingu þessari sé víðtækari en áður var og langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Sé það meira að segja svo, að sögn stefnenda, að á þessu sjúkrahúsi sé ekki viðhaft gæsluvaktafyrirkomulag í dag. Í auglýsingu nr. 27/1992 sé tekið fram að störf/starfsemi meinatækna og skurðstofu skuli vera eins og á stórhátíð. Telja stefnendur það rétta tilgreiningu.

Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.

Mótmælt er tilgreiningu samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995 um störf/starfsemi á skurðstofu. Sé hin nýja tilgreining miklu víðtækari en þörf sé á. Í auglýsingu nr. 27/1992 sé tekið fram að störf/starfsemi skurðstofu skuli vera eins og á stórhátíð. Sú tilgreining er rétt að mati stefnenda. Stefnendur taka fram, að gæsluvaktatilgreining sú, sem viðhöfð sé í auglýsingu nr. 68/1995 varðandi þetta sjúkrahús sé víðtækari en það gæsluvaktafyrirkomulag sem notað sé í dag við venjulegar aðstæður.

Sjúkrahús Suðurnesja.

Sjúkrastofnun þessi er í auglýsingu nr. 27/1992 nefnt Sjúkrahús Keflavíkur.

Mótmælt er tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995 um störf/starfsemi á skurðstofu og rannsóknarstofu enda sé tilgreiningin samkvæmt auglýsingu þessari miklu víðtækari en þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og mun víðtækari en áður var. Samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldu störf á rannsóknarstofu, skurðstofu og röntgen vera eins og á stórhátíð og telja stefnendur það rétta tilgreiningu. Benda stefnendur á í þessu sambandi, að skurðstofa á þessu sjúkrahúsi sé lokuð í þrjá mánuði á ári, þ.e. yfir sumarmánuðina, og þess vegna sé aldeilis fráleitt, að henni sé haldið opinni í verkfalli.

Ríkisspítalar.

(4. Ríkisspítalar, stoðdeildir)

Stefnendur telja að tilgreining á endurhæfingadeild sé óljós og allt of víðtæk miðað við það sem þörf er á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Stefnendur taka hér sérstaklega fram að tiltekið sé í augýsingunni að unnið skuli samkvæmt „fyrirfram

ákveðnu vaktakerfi“. Stefnendur benda á að algerlega sé óljóst samkvæmt þessari tilgreiningu hvernig starfsemi verði háttáð ef til verkfalls kemur. Ekkert liggi fyrir um það hver eða hvernig eigi að haga ákvörðunum um hvernig hið „fyrirfram ákveðna vaktakerfi“ á að vera. Telja stefnendur það óþolandi óvissu og að slíkt samræmist engan veginn fyrirmælum 19. gr. laga 94/1986. Jafnframt telja stefnendur að tilgreining um að sjúkraþjálfarar (1) skuli starfa allan daginn og að einn sjúkraþjálfari skuli vera á gæsluvakt allan sólarhringinn sé allt of víðtæk miðað við það sem þörf er á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Stefnendur vilja vekja athygli á að samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 hafi verið tekið fram að endurhæfingardeild skuli starfa eins og á stórhátíð. Þeir telja að sú tilgreining sé réttust, enda felur hún í sér bæði efnislegar takmarkanir á því hvaða verkefni megi vinna í verkfalli, auk þess sem hún feli í sér fyrirfram skýrt ákveðna mönnun, sem öllum hlutaðeigandi sé ljós. Stefnendur lýsa því þó yfir, að þeir gætu fallist á, að tilgreining yrði sú, að sjúkraþjálfarar (1) starfi í dagvinnu á Kópavogshæli, en í því felist viðbót við tilgreiningu samkvæmt fyrri skrá, þ.e. nr. 27/1992.

(7. Ríkisspítalar, rannsóknarstofur).

Þess er krafist að tilgreining á störfum á Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í meinafræði verði felld út úr auglýsingu. Eru rökinn fyrir því hin sömu og áður hafa verið tilgreind, þ.e. að tilgreiningin sé miklu víðtækari en þörf er á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu, auk þess sem tilgreining um að unnið verði „samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktakerfi“ sé allt of víðtæk og samræmist ekki 2. mgr. 19. gr. laga 94/1986, enda algjörlega lagt í vald annars aðilans að ákveða hvernig vaktkerfinu skuli háttáð og hverjir skuli fá að starfa. Þá felist engin efnisleg takmörkun í tilgreiningu á gæsluvakt.

Um tilgreiningu á störfum við litningarannsóknir telja stefnendur að hún sé allt of víðtæk. Í auglýsingu 27/1992 sé gert ráð fyrir að störf meinaðækna/náttúrufræðinga (1) við litningarannsóknir sé eins og á stórhátíðarvakt. Eru stefnendur sammála þeirri tilgreiningu og telja hana rétta. Tilgreiningin í auglýsingunni nr. 68/1995 sé því allt of víðtæk og feli í sér aukningu frá fyrri auglýsingu. Tilgreiningin sé langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu.

Krafist er af hálfu stefnenda að felld verði brott tilgreining, að því

leyti sem fram kemur í kröfugerð, um störf á rannsóknarstofu í meinafræði (RH.) vefjarannsóknnum 1 og 2. Megi um þá kröfugerð segja hið sama og um síðast greindan kröfulið. Taki mótmæli þessi til tilgreininga á störfum meinatækna á vefjarannsóknnum 1 og 2, sem samkvæmt tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995 sé allt of víðtæk. Í auglýsingu nr. 27/1992 skyldu meinatæknar (2) starfa eins og á stórhátíðarvakt og telja stefnendur að það sé efnislega rétt tilgreining, sem sé auk þess miklu skýrari en sú sem lagt er til í hinni nýju auglýsingu.

Þá er mótmælt tilgreiningu í auglýsingunni um störf á rannsóknarstofu í blóðmeina- og meinafræði að því leyti sem fram kemur í kröfugerð. Megi um rök fyrir þessu segja hið sama og að framan greinir, en samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldu störf á rannsóknardeild I – II á LSP, eins og tilgreiningin var þá, vera eins og á stórhátíðarvakt. Telja stefnendur þá tilgreiningu rétta.

Gerð er krafa um að tilgreining um störf á rannsóknarstofu í meinafræði, ísótópastofu, verði felld úr gildi að því leyti sem fram kemur í kröfugerð. Megi um röksemdir vísa til þess sem áður segir í síðustu kröfuliðum. Samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldu störf á ísótópastofu vera eins og á stórhátíðarvakt og telja stefnendur það bestu og réttustu tilgreiningu.

Gerð er krafa um að felld verði niður tilgreining um störf á sýklarannsóknardeild. Eru rökin fyrir því hin sömu og tilgreind hafa verið hér að framan. Samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldu störf á sýklarannsóknardeild vera eins og á stórhátíðarvakt og telst það að mati stefnenda rétt tilgreining.

Hið sama á við að því er varðar mótmæli við tilgreiningu starfa á ónæmisfræðideild og megi vísa til sömu röksemda og jafnframt til þess að í auglýsingu 27/1992 skyldi starfsemi þar vera eins og stórhátíðarvakt, en það telja stefnendur eins og fyrr vera hina réttu tilgreiningu.

Þá er mótmælt tilgreiningu um störf á veirufræðideild bæði almennri deild og áhætturannsóknnum. Um röksemdir fyrir þessu vísast til þess sem áður segir, auk þess sem bent er á að tilgreiningin feli í sér mikla aukningu frá fyrri auglýsingu. Samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skyldu störf við veirufræðirannsóknir vera eins og á stórhátíðarvakt og hafi verið tiltekið að meinatæknir/náttúrufræðingur

(1) skyldi vera að störfum. Hafi engin rök verið færð fyrir hinni auknu tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995.

Mótmælt er tilgreiningu um störf í blóðbanka með sömu rökum og áður hafa komið fram, en í auglýsingunni nr. 68/1995 sé að finna aukningu frá því sem er í auglýsingu nr. 27/1992, þar sem einungis hafi verið tilgreindir náttúrufræðingar (2) sem starfa skyldu eins og á stórhátíðarvakt og einn á umframvakt til eyðniþrófa. Stefnendur vilja taka fram að það sé ekki rétt, þegar fullyrt er af hálfu stefnda, að breyting á vægi starfa Landspítalans í Reykjavík vegna tilflutnings á störfum frá Landakotsspítala skipti hér einhverju máli. Vilja stefnendur benda á í því sambandi að blóðbankinn hafi þjónað öllu landinu nema Akureyri og nærsveitum. Þess vegna skipti tilfærsla á störfum milli einstakra sjúkrahúsa á Stór-Reykjavíkursvæðinu engu máli.

Mótmælt er störfum á röntgendeild eins og þau eru tilgreind í auglýsingu nr. 68/1995. Um rök fyrir því er vísað til þess sem áður segir. Samkvæmt auglýsingu 27/1992 skyldu vera starfandi 4 röntgentæknar á röntgendeild. Telja stefnendur að hin rétta tilgreining ætti að vera sú að um störf á röntgendeild ríkisspítala í verkfalli skuli farið að eins og á stórhátíðum. Ljóst sé að mati stefnenda að tilgreining sú sem felst í auglýsingu 68/1995 feli í sér mikla aukningu frá því sem er samkvæmt fyrri auglýsingu og hafi sú aukning ekki verið rökstudd eða réttlætt og er þess vegna gerð krafa um að tilgreiningin í auglýsingunni verði felld úr gildi, eins og kröfugerðin er sett fram.

St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.

Af hálfu stefnenda er mótmælt tilgreiningu í auglýsingu nr. 68/1995 á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, varðandi eftirtaldir deildir:

Skurðstofur og sótthreinsun, svæfingadeild, speglunardeild og rannsókn. Tilgreiningar varðandi þessar deildir í auglýsingu nr. 68/1995 séu allt of víðtækar og langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Felst líka í þeim engin efnisleg takmörkun. Í auglýsingu nr. 27/1992 sé tekið fram að um störf á þessum deildum skuli fara eins og á stórhátíð og telja stefnendur það, sem fyrr, vera hina réttu tilgreiningu.

Við munnlegan málflutning var hálfu starfi sérstaklega mótmælt. Tilvísun stefnanda til helstu réttarheimilda:

Stefnendur kveðast einkum byggja málalíbúnað sinn á 19. gr.

laga 94/1986, sbr. 14. gr. sömu laga, eins og ákvæði þessi hafa verið skilin í dómaframkvæmd og er einkum vísað til dóma Félagsdóms frá árinu 1992, og reyndar annarra dóma.

Um málskostnaðarkröfuna er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að þegar krafist er brottfellingar af skrá þá felist í kröfugerðinni að tilgreining á síðustu skrá á undan skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995 skuli gilda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að þeirrar tilhneigingar hafi gætt hjá stefnda að gera skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 þannig úr garði að hafa tilgreiningar þannig að þær séu langt umfram það sem þarf til að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé sinnt. Þau störf sem undanþága samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. eigi að ná til byggi á mati stjórnenda einstakra heilbrigðisstofnana um það hver sé nauðsynlegasta heilbrigðisþjónusta og hafi verið til breytinganna stofnað eftir óskum þeirra stjórnenda. Lögboðið samráð við aðildarfélag stefnanda hafi hins vegar í allmörgum tilvikum leitt til þess að stefndi hafi komið til móts við sjónarmið félaganna. Vísast hér frekar til umfjöllunar og gagna varðandi einstaka kröfuliði stefnanda.

Því er eindregið mótmælt að 19. gr. laganna geri ráð fyrir „viðmiðun um efnislega takmörkun á þeim verkefnum, sem unnin eru“, svo sem stefnandi byggir á. Nefnt ákvæði hafi verið skýrt þannig að í skrá um undanþágur skuli tilgreind þau störf, sem vinna eigi í verkfalli, þ.e. að fram komi hvaða starfsmenn eigi að vinna í verkfalli. Komi það meðal annars heim og saman við þann skilning stefnanda að lög nr. 94/1986 séu byggð upp með þeim hætti, að fyrirfram eigi að vera ljóst, hverjir eigi að vera að störfum eða vera tilbúnir til þess að starfa. Hafi stefndi gengið eins langt og unnt sé í því að tilgreina störfin þannig að ekki fari á milli mála hvaða störf séu undanþegin verkfallsheimild, t.d. með því að tilgreina fjölda einstakra starfsmanna eða stöðugildi þegar það á við. Hafi einnig verið gengið langt í því að tilgreina nákvæmlega vinnutíma eða vaktir þegar vafi kynni að skapast ella. Af hálfu stefnda hafi það verið gert að höfðu nánú samráði við stefnanda.

Stefnandi byggir stærstan hluta krafna sinna á því að réttast og

eðlilegast sé að unnið sé samkvæmt „stórhátíðarfyrirkomulagi“ og að það hafi tíðkast allt frá þeim tíma er sýnishorn af skrá birtist sem fylgiskjal með frumvarpi að lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þessu er mótmælt af hálfu stefnda, en tekið fram að jafnframt hafi tíðkast að tilgreina bakvaktir. Telur stefndi fylgiskjal löggjafans með téðu frumvarpi ekki fela í sér almenna lagaskyldu um að undanþágur skuli einungis miðaðar við stórhátíðarfyrirkomulag.

Í allmörgum tilgreiningum, sem svo eru nefndar í þessu máli, hafi verið gerð sú breyting að í staðinn fyrir að unnið skuli samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi, sé mælt fyrir um að viðkomandi starfsmenn vinni á gæsluvakt. Almennt sé slík breyting fallin til þess að draga úr starfsemi, þvert á það sem stefnandi haldi fram. Í öðrum tilvikum sé um sams konar vinnutilhögun að ræða og vísast um það til umfjöllunar um einstakar stofnanir.

Sérstök rök liggi að því að miðað skuli við gæsluvaktir en ekki stórhátíðarfyrirkomulag í ljósi fenginnar reynslu. Á stórhátíðum sé unnt að sjá fyrir hvaða verkefnum megi fresta fram yfir stórhátíð, enda vitað fyrirfram að stórhátíð vari ekki lengur en í fimm daga. Slíku skipulagi sé ekki unnt að koma á þegar verkfall er komið til framkvæmda, þar sem ekki sé vitað hve lengi það varir. Séu því augljós rök sem leiði til þess að í verkfalli geti skapast hættuástand ef stjórn heilbrigðisstofnunar hafi ekki önnur úrræði en að halda uppi starfsemi á stórhátíðarfyrirkomulagi, meðan óvissa ríki um það hve lengi verkfall kunni að vara. Sé það fyrirkomulag sem felst í þessari breytingu með auglýsingu nr. 68/1995 betur til þess fallið að tilgreiningar verði nákvæmari og auk þess í meira samræmi við efni og tilgang 19. gr. laga nr. 94/1986. Ekki sé unnt að leggja til grundvallar mat stefnanda á því hvort og að hve miklu leyti komið hafi upp vandamál í verkföllum þegar stórhátíðarfyrirkomulag er við lýði. Sé það í ósamræmi við 19. gr. laganna að hafa „sveigjanleika“ í því hvernig manna skuli heilbrigðisstofnanir í verkföllum. Stefndi hafi kappkostað að gera skrána þannig úr garði að ekki sé uppi vafi um það í verkfalli hvernig manna skuli heilbrigðisstofnanir þannig að nauðsynlegustu þjónustu sé sinnt. Hafi það verið í samræmi við úrlausnir Félagsdóms, að því marki sem mögulegt sé að skipuleggja fyrirfram jafn stórar stofnanir og þar sem breytingar á starfsmönnum og skipulagi séu tíðar. Sá sveigjanleiki sem þó sé nauðsynlegur

hafi löggjafinn sérstaklega tryggt með 20. gr. laganna, til að afstýrt verði neyðarástandi, nægi heimildir 19. gr. ekki til. Ekki sé þó deilt um efnissvið þess ákvæðis í málinu. Þannig er því mótmælt að stórhátíðarfyrirkomulag geti falið í sér sveigjanleika til að haldið verði uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu í skilningi 3. tl. 1. mgr. 19. gr. Breytingar þær sem aðallega er deilt um hafi því almennt ekki haft í för með sér meiri mönnun en þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu heldur hafi verið um óbreyttan fjölda starfsmanna að ræða, en vinnufyrirkomulagi breytt í því skyni að skráin yrði nákvæmari og betur til þess fallin að tryggja markmið 3. tl. 1. mgr. 19. gr. Í sumum tilvikum hafi verið fjölgað undanþágum og vísast þar til málsástæðna stefnda varðandi einstaka kröfuliði.

Stefndi tekur einnig fram að í þeim skrá, sem gilt hafi áður, hafi verið getið um bakvaktir, sem séu hliðstæðar svokölluðum gæsluvöktum, án athugasemda af hálfu stefnanda.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi ekki tekist að sanna þörf þeirra breytinga sem felast í því að falla frá stórhátíðarfyrirkomulagi í tilgreiningum á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna. Stefnandi telur eins og framan er rakið einsýnt að lög nr. 94/1986 mæli ekki fyrir um stórhátíðarfyrirkomulag til að tryggja skuli nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og mótmælir því þess vegna að breytingin sé að þessu leyti ósamrýmanleg lögunum. Ennfremur byggir stefndi á því að skrá um undanþágur samkvæmt 19. gr. feli í sér stjórnvaldsfyrirmæli, en ekki áskilnað um öfuga sönnunarbyrði eins og stefnandi virðist reisa mál sitt á. Það sé alfarið rangt og órökstutt að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða aðildarfélagas stefnanda áður en skráin var birt. Allar breytingar sem gerðar voru á skránni hafi verið að ósk einstakra stofnana og að höfðu samráði við þau félag, svo sem lög gera ráð fyrir og auk þess hafi verið komið til móts við sjónarmið þeirra í fjölmörgum atriðum sem þó hafi verið höfðað mál um. Sé samkomulag við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga eitt dæmi þess.

Stefnandi byggir á því að við undirbúning að gerð skrárinnar hafi verið farið á svig við fyrirmæli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og að breytingarnar geti þegar af þeirri ástæðu ekki náð fram að ganga. Þessu er alfarið vísað á bug af hálfu stefnda.

Í fyrsta lagi hafi ákvæðum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um málsmeðferð verið fylgt í alla staði og innan tilskilinna tímamarka. Sé

þar um að ræða sérákvæði, sem feli í sér strangari málsmeðferð, en almennt leiði af reglum stjórnáskilgáttu, sbr. 1. ml. 2. mgr. 2. gr. þeirra. Hafi gerð skrárinnar verið vel undirbúin og að höfðu nánú samráði við aðildarfélag stefnanda, svo sem gögn málsins vitni um. Í öðru lagi byggir stefndi á því að túlkun stjórnáskilgáttu heyrir ekki undir lögsögu Félagsdóms, sbr. 2. mgr. 19. gr i.f. og 5. tl. 26. gr. sömu laga.

Stefnandi byggir á því að of skammur frestur hafi verið veittur af hálfu stefnda til samráðs. Stefndi telur að stefnandi hafi fengið hæfilegan frest til að tjá sig um þær breytingar sem fólust í auglýsingu nr. 68/1995 og um er deilt í málinu og hvergi sjáist þess merki að félag hafi glatað þeim rétti sínum sökum tímaskorts. Félagin hafi auk þess átt þess kost að koma á framfæri athugasemdum eftir birtingu skrárinnar og reka mál þetta innan tilskilins frests. Aðildarfélagum stefnanda sé því samkvæmt ákvæði 19. gr. laga nr. 94/1986 tryggður afar víðtækur réttur til samráðs og andmæla auk sérstaks málhöfðunarréttar. Öll sú lögboðna málsmeðferð hafi verið viðhöfð og telur stefndi að þótt talið yrði að viku frestur til samráðs hafi verið of skammur sé óraunhæft að ætla slíkt lítilsháttar frávik leiða sjálfstætt til þess að umþrættar breytingar yrðu metnar ógildar.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda að máltilbúnaður stefnanda hafi verið of yfirgripsmikill. Stefnandi hafi farið út fyrir málflutningsumboð sitt og höfðað mál um atriði sem sátt var um.

Jafnframt var kröfum stefnanda varðandi hálfst starf mótmælt sem of seint fram komnum.

Um einstaka kröfúliði stefnanda að öðru leyti en framan greinir er af hálfu stefnda tekið fram eftirfarandi:

1. Sjúkrahúsið á Akranesi.

Þeirri skoðun stefnanda að stórhátíðarfyrirkomulag sé rétt eða eðlileg tilgreining, er mótmælt sem órökstuddri, enda ekki studd neinum lagarökum andstætt þeirri lagaskyldu sem á stefnda hvíli um það að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu sé sinnt. Komi raunar fram í bréfi sjúkrahússins að engin breyting sé í því fólgin að tilgreina gæsluvakt í stað stórhátíðarfyrirkomulags. Ekki geri 19. gr. laga nr. 94/1986 ráð fyrir efnislegri takmörkun á verkefnum sem vinna eigi í verkfalli, heldur að störf séu tilgreind þannig að ekki sé vafi um það við hvaða störf sé átt.

Stefndi tekur fram að hann hafi þegar gert það að tillögu sinni að ekki væru tilgreindir yfirmeinataæknar, heldur aðeins meinataæknar, einn í hálfu starfi í dagvinnu og annar á gæsluvakt utan dagvinnu, og getur fallist á að tilgreiningin verði þannig.

2. Sjúkrahúsið Patreksfirði.

Því er hafnað sem fyrr að unnið verði eins og á stórhátíð. Rangt sé hjá stefnanda að tilgreiningin sé víðtækari en samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992. Ekkert stórhátíðarfyrirkomulag sé við lýði við sjúkrahúsið. Engin breyting sé þess vegna fólgin í því að tilgreina gæsluvakt í stað stórhátíðarfyrirkomulags, en með gæsluvakt sé tilgreiningin í samræmi við framkvæmd þá er gilt hafi í síðasta verkfalli Meinataeknafélags Íslands árið 1994. Af hálfu stefnda hafi verið gerð tillaga um það að gæsluvaktin stæði aðeins frá kl. 8 til 23 og getur stefndi fallist á slíka breytingu.

3. Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi.

Stefndi hafði þegar gert það að tillögu sinni að „Dagvinna (0,5)“ félli niður, en eftir stæði „Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.“ Stefndi getur ekki fallist á að stórhátíðarfyrirkomulag gildi um tilgreininguna. Vísast til fyrri röksemda um það atriði auk þess sem ekkert stórhátíðarfyrirkomulag hafi verið við lýði á rannsóknarstofu sjúkrahússins.

4. Sjúkrahús Skagfirðinga, Saudárkróki.

Varðandi rannsóknarstofu hafi stefndi þegar fallist á það að „Dagvinna (0,5)“ félli niður, en að eftir stæði „Meinataeknar/náttúrufræðingur. Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn“ og getur stefnandi (sic) fallist á að tilgreiningin verði með þeim hætti. Varðandi skurðstofu er einnig fallist á að orðin „Dagvinna (1)“ falli niður, en eftir standi „Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn“.

Varðandi undanþágur hjúkrunarfræðinga getur stefndi fallist á að tilgreiningin breytist þannig að dagvinna falli út, en eftir standi „Hjúkrunarfræðingur. Gæsluvakt allan sólarhringinn“.

Á rannsókn og röntgen sé gæsluvakt allan sólarhringinn ef stórhátíð ber upp á helgi og gæsluvakt frá 8 til 16 ef stórhátíð ber upp á virkan dag. Á skurðstofu sé gæsluvakt allan sólarhringinn á stórhátíðum. Stefndi getur því ekki fallist á að stórhátíðarfyrirkomulag gildi í þessum tilgreiningum og vísar auk þess til almennra röksemda um það atriði.

5. *Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.*

Varðandi sjúkráþjálfara hafi stefndi gert að tillögu sinni að „Dagvinna (1)“ félli niður og að eftir staði „Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn“. Stefndi telur að sjúkráþjálfarar sinni nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Því er hafnað að tilgreining geri ráð fyrir stórhátíðarfyrirkomulagi, en við endurhæfingardeild sjúkrahússins sé við lýði gæsluvakt á stórhátíðum. Mun það auk þess hafa verið samþykkt af hálfu Stéttarfélags sjúkráþjálfara í ríkisþjónustu að tilgreind yrði gæsluvakt, sbr. bréf samninganefndar félagsins, dags. 25. janúar 1995.

Um meinafræðideild sjúkrahússins fellst stefndi ekki á að um aukningu sé að ræða og hafnar því með þegar framkomnum röksemdum að þar verði unnið á stórhátíðarfyrirkomulagi. Stefndandi hafi aðeins sett fram þau rök að af hans hálfu sé talið réttast að svo verði, en ekki styðjist sá rökstuðningur við réttarheimildir sem um sé að tefla í málinu.

Að því er varðar rannsóknardeild og blóðbanka sjúkrahússins er því alfarið hafnað að gæsluvaktafyrirkomulag feli í sér aukningu frá því sem verið hafði, enda hafi þar verið um að ræða sams konar vinnutilhögun, þ.e. bakvaktir. Komi auk þess fram í málsgögnum að um sé að ræða fækkun við umræddar deildir frá því sem verið hafi samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992. Hafi stefndandi því í engu rökstutt það að nú skuli þar vinna samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi.

6. *Sjúkrahúsið á Húsavík.*

Að því er varðar störf hjúkrunarfræðings getur stefndi fallist á að þar standi „Gæsluvakt (1)“. Ekki sé um að ræða neina fjölgun eða breytingu með því að tilgreind sé gæsluvakt, enda sé um að ræða gæsluvakt á stórhátíðum. Breytingin sé því ekki önnur en sú að nefna vinnutilhögunina sínu rétta nafni og gera skrána nákvæmari úr garði.

7. *Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað.*

Stefndi hafi þegar gert það að tillögu sinni að í stað „Meinataeknar (0,5)“ kæmi „Meinataeknar (1) gæsluvakt allan sólarhringinn“ og getur fallist á að tilgreiningin standi svo breytt. Með því sé alls ekki um fjölgun að ræða frá því sem áður gildi, en hiklaust um að ræða nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Mótmælir stefndi því með sömu rökum og fyrr að rétt eða skylt skuli að tilgreina starfsemi miðað við stórhátíðarfyrirkomulag.

8. *Sjúkrahúsið Egilsstöðum.*

Stefndi hafði þegar gert það að tillögu sinni að í stað „Dagvinna (0,5)“ kæmi „Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn“ og getur fallist á að tilgreiningin verði með þeim hætti. Því er hafnað hér sem endranær að stórhátíðarfyrirkomulag verði talið rétt, enda ekkert slíkt fyrirkomulag við lýði á stofnuninni.

9. *Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.*

Að því er varðar hjúkrunarfræðinga sé rangt hjá stefnanda að um sé að ræða fjölgun frá því sem verið hafði samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992, en þar hafi verið mælt fyrir um að einn hjúkrunarfræðingur yrði á hverri vakt á deildum. Sé því í raun um að ræða fækkun. Málsástæðum stefnanda um þennan þátt málsins er því vísað á bug sem órökstuddum og því hafnað að stórhátíðarfyrirkomulag gildi.

Um meinatækna hafi stefndi þegar lagt til þá breytingu að „Dagvinna (0,5)“ félli niður, en í stað þess kæmi „Gæsluvakt (1) allan sólarhringinn“. Með sömu rökum og fyrr er því mótmælt að stórhátíðarfyrirkomulag gildi um vinnu þess starfsmanns, en ekkert stórhátíðarfyrirkomulag sé við lýði á sjúkrahúsinu.

10. *Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.*

Um störf tveggja hjúkrunarfræðinga á gæsluvakt telur stefndi alfarið órökstutt að sú tilgreining feli í sér víðtækari tilgreiningu en þá sem gildir almennt um gæsluvaktarfyrirkomulag sem notað er í dag, svo sem stefnandi byggir á. Ekki sé um að ræða neina fjölgun frá áður gildandi skrá, enda ekki við lýði neitt stórhátíðarfyrirkomulag við sjúkrahúsið. Falli það undir nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu að tveir hjúkrunarfræðingar séu á gæsluvakt á skurðstofu.

11. *Sjúkrahús Suðurnesja.*

Að því er varðar hjúkrunarfræðinga á skurðstofu er bent á að lokun deildarinnar hafi stafað af niðurskurði á fjárveitingum, en sé ekki varanlegt ástand. Eftir sem áður falli það undir nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu að þrír hjúkrunarfræðingar starfi á gæsluvakt komi til verkfalls. Til fyrri röksemda vísast um það að nauðsynlegt sé að tilgreiningin sé um gæsluvakt en ekki stórhátíðarfyrirkomulag.

13. *Ríkisspítalar.*

Þar sem fjölgun hafi orðið á undanþáguheimildum á einstökum deildum Ríkisspítala stafi hún að langmestu leyti af mikilli aukningu bráðavakta hjá Landspítala, þar sem slíkar vaktir hafi verið

lagðar niður hjá St. Jósefsspítala-Landakoti og u.þ.b. helmingur þeirra færður til Landspítala.

Um röksemdir stefnda fyrir því að ókleift sé að vinna samkvæmt stórhátíðarfyrirkomulagi, vísast til þess sem þegar er rakið.

Um einstakar deildir Ríkisspítala byggir stefndi á eftirfarandi.

Á endurhæfingardeild Landspítala hafi þegar náðst samkomulag við Stéttarfélag sjúkrahjálfa í ríkisþjónustu svo sem málsgögn beri með sér. Telur stefndi að þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda um þann þátt.

Varðandi rannsóknastofu í meinafræði (RH) litningarannsóknir hafi orðið fjölgun um einn starfsmann en samkvæmt mati sjúkrá-hússstjórnarinnar sé brýnt að á deildinni séu starfandi einn meina-tæknir og einn náttúrufræðingur. Um læknisfræðilegt mat þar að lútandi vísast til málsgagna, en störfin falli undir nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Geti það orðið óbætanlegt tjón fyrir sjúklinga að störfunum sé ekki sinnt þótt til verkfalls komi, þar sem hættu-ástand skapist við það að sýnum sé ekki veitt viðtaka eða þau ekki unnin. Nægi að nefna í því sambandi nýfædd vansköpuð börn, þungaðar konur í áhættuhópi og sjúklinga með illkynja æxli. Augljóst sé því að fjölgunin sé innan þeirra marka sem undanþáguheimild 19. gr. laga nr. 94/1986 taki til.

Á vefjarannsóknarstofu 1 og 2 hafi engin breyting orðið frá því sem verið hafi með auglýsingu nr. 27/1992, en þar skuli nú starfa tveir meinataeknar og annar þeirra á gæsluvakt, með því verði að telja að frekar hafi verið dregið úr mönnun en hitt og tilgreiningin gerð nákvæmari en áður. Þess vegna er því alfarið mótmælt að tilgreiningin sé allt of viðtæk.

Varðandi blóðmeina- og meinafræðideild, sé í raun um að ræða fækkun frá því sem verið hafi í auglýsingu nr. 27/1992, en deildin sé þar nefnd „rannsóknardeild I-II á Lsp“, þar sem nú er miðað við gæsluvakt, en ekki stórhátíðarfyrirkomulag. Um máls-ástæður þar að lútandi vísast til fyrri röksemda.

Sama aðstaða sé uppi varðandi ísótópastofu, en þar sé í raun um að ræða fækkun á sama hátt og fyrir greinir um blóðmeina- og meinafræðideild. Vísast því til framkominna röksemda um þá tilgreiningu.

Á sýklarannsóknadeild hafi sú breyting verið gerð að fjölgað var um einn meinataekni frá því sem verið hafi. Hafi það verið gert í

ljósi reynslu af síðasta verkfalli Meintatæknafélags Íslands, en þá hafi einn meinatæknir ekki annað þeirri lágmarksþjónustu sem nauðsynleg var. Því er mótmælt með sömu rökum og fyrr að störfin verði unnin eins og á stórhátíð.

Varðandi ónæmisfræðideild er tilgreiningin í hinni nýju skrá óbreytt að öðru leyti en að miðað er við gæsluvakt. Vísast til fyrri röksemda þar að lútandi.

Á veirufraðideild feli hin nýja skrá í sér aukningu um einn starfsmann með því að mælt er fyrir um undanþágu fyrir einn meinatækni og einn náttúrufræðing. Þörf fyrir þá aukningu stafar af því að sitt hvort starfið er sérhæft og ókleift að starfsmennirnir gangi á milli í starf hvors annars. Sem fyrr er því mótmælt að stórhátíðarfyrirkomulag gildi um þessi störf í verkfalli.

Varðandi Blóðbankann byggir stefndi fjölgun undanþáguheimilda á brýnni þörf svo sem lýst er í greinargerð dr. med. Sveins Guðmundssonar forstöðulæknis. Hafi fjölgun um einn náttúrufræðing verið samþykkt af hálfu stefnanda. Á blóðónæmisdeild sé fjölgað undanþágum vegna starfa tveggja náttúrufræðinga og tveggja á gæsluvakt. Blóðbankinn hafi með höndum bráðaðþjónustu fyrir allt landið. Í verkfalli Félags íslenskra náttúrufræðinga á árinu 1989 hafi komið upp tilvik þar sem legið hafi við stórslysum, sökum undirmönnunar hjá Blóðbankanum. Að jafnaði séu 13,2 stöðugildi náttúrufræðinga og meinatæknis við Blóðbankann, en með hinni nýju skrá sé stefnt að því að tæplega þriðjungur þeirra starfi í verkfalli. Telur stefndi einsýnt, meðal annars í ljósi fenginnar reynslu, að það sé allra minnsti fjöldi svo að unnt sé að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu.

Um röntgendeild mótmælir stefndi því að starfað verði eins og á stórhátíð með sömu rökum og fyrr. Ennfremur mótmælir stefndi því að um sé að ræða mikla aukningu, svo sem stefnandi heldur fram. Ekki verði séð að Röntgentæknafélag Íslands hafi mótmælt þeirri fjölgun sem varð í bréfi sínu, dags. 10. febrúar 1995, heldur aðeins því að horfið yrði frá stórhátíðarfyrirkomulagi.

14. St. Jósefsspítali.

Varðandi störf hjúkrunarfræðinga á þeim deildum er kröfugerð stefnanda tekur til er því eindregið mótmælt að um sé að ræða allt of víðtæka mönnun. Sé mönnun samkvæmt hinni nýju skrá í raun minni en var, bæði með því að ráðgert sé að hver hjúkrunarfræðing-

ur standi gæsluvakt og því að á speglunardeild sé fækkað um hálf tötögildi. Um málsástæður fyrir þeirri breytingu að taka upp gæsluvakt, vísast til þegar framkominna röksemda.

Stefndi getur fallist á það að við „Rannsókn“ standi „Meinataknir (1) Gæsluvakt allan sólarhringinn“, en hafnar því að unnið verði eins og á stórhátíð og vísar um það til framkominna röksemda.

Stefndi bendir á að í sumum tilvikum þar sem málsástæður stefnanda beinast gegn fjölgun undanþága eða öðrum breytingum á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, megi skilja málatilbúnað hans og kröfugerð á þann veg að í viðkomandi tilvikum verði öll tilgreiningin dæmd ógild, en ekki aðeins að því er tekur til fjölgunarinnar. Af þessu tilefni vill stefndi leggja áherslu á að verði ekki fallist á framangreindar röksemdir taki kröfugerð stefnanda eftir orðan sinni aðeins til þeirra breytinga sem urðu með auglýsingu nr. 68/1995.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Niðurstaða.

Samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er það meginregla að þeim starfsmönnum, sem lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins taka til, er heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum sem tiltekna eru í lögnum. Af því leiðir að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélagum, sem eru sammingsaðilar samkvæmt lögnum, heimilt að gera verkfall og samkvæmt 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögnum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna er þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu óheimilt að gera verkfall. Fjármálaráðherra og sveitarfélög skulu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna birta skrá um störf þau sem meðal annars falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög.

Í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 birti stefndi þann 27. janúar 1995 með auglýsingu nr. 68/1995 í B-deild stjórnartíðinda skrá yfir þau störf, er falla að mati stefnda undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að þeir ágallar hafi verið á undirbúningi og meðferð á birtingu skrárinnar að leiða eigi sjálfstætt til þess að þær breytingar frá eldri skrá, sem auglýsing nr. 68/1995 felur í sér og krafa er gerð um að falli brott, falli niður. Telur stefnandi að við undirbúning og gerð skrárinnar hafi svo verið farið á svig við ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993 að breytingarnar geti af þeirri ástæðu ekki náð fram að ganga. Í þessu sambandi bendir stefnandi á að stéttarfélagunum hafi gefist svo skammur frestur til að gera athugasemdir við breytingar frá fyrri skrá að andmæla- eða samráðs-réttur þeirra hafi ekki verið virtur. Þá hafi stefndi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni samkvæmt 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 er ekki tekið fram, hvers eðlis umrætt samráð skuli vera. Telja verður það samræmast tilvitnuðu ákvæði að stéttarfélagum séu sendar tillögur að skráum með hæfilegum fyrirvara og óskað eftir athugasemdum. Geri stéttarfélag athugasemdir við skrá, beri aðilum að eiga viðræður og leita samkomulags. Ætla verður hæfilegan tíma til þess sem meðal annars hlýtur óhjákvæmilega að ráðast af því hvort um umfangsmiklar breytingar er að ræða frá því sem áður hefur gilt.

Með bréfum stefnda, dags. 17. og 18. janúar 1995, til Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga óskaði stefndi eftir skriflegri umsögn félagsins um fyrirhugaðar breytingar, sem fólust í væntanlegri nýrri skrá og skyldi skrifleg umsögn félagsins hafa borist í síðasta lagi fyrir lok miðvikudagsins 25. janúar 1995 vegna fyrra bréfsins, en í síðasta lagi þriðjudaginn 24. janúar 1995 vegna síðara bréfsins. Félagið gerði grein fyrir athugasemdum sínum í bréfi, dags. 24. janúar 1995, þar sem var að finna tillögu að skrá af hendi þess. Kom fram af félagsins hálfu að það væri reiðubúið að ræða einstök atriði við stefnda.

Með bréfum, dags. 17. og 19. janúar 1995, óskaði stefndi eftir athugasemdum Meinatæknafélags Íslands um fyrirhugaðar breytingar á skránni er skyldu hafa borist fyrir lok miðvikudagsins 25. janúar 1995 vegna fyrra bréfsins, en í síðasta lagi þriðjudaginn 24. janúar 1995 vegna seinna bréfsins. Með bréfi, dags. 24. janúar 1995, lagði félagið fram athugasemdir sínar, mótmælti breytingunum og taldi þágildandi auglýsingu fullnægjandi.

Með bréfum, dags. 17. og 20. janúar 1995, óskaði stefndi eftir athugasemdum Röntgentæknafélags Íslands við fyrirhugaðar breyt-

ingar á skránni er skyldu hafa borist fyrir lok miðvikudagsins 25. janúar 1995 vegna fyrra bréfsins, en í síðasta lagi þriðjudaginn 24. janúar 1995 vegna síðara bréfsins. Með bréfum, dags. 20. og 26. janúar 1995, til stefnda og St. Jósefsspítala og bréfum, dags. 23. janúar 1995, til Sjúkrahúss Skagfirðinga og Sjúkrahúss Akraness gerði félagið grein fyrir athugasemdum sínum. Í bréfi félagsins til stefnda, dags. 20. janúar 1995, kom fram að félagið taldi að stefndi hefði ekki gætt lögboðins samráðs.

Með bréfum, dags. 17. og 20. janúar 1995, til Félags íslenskra náttúrufræðinga óskaði stefndi eftir umsögn félagsins um breytingar á skránni, er berast skyldi fyrir lok miðvikudagsins 25. janúar 1995 vegna fyrra bréfsins, en í síðasta lagi þriðjudaginn 24. janúar 1995 vegna síðara bréfsins. Með bréfum, dags. 24. og 25. janúar 1995, bárust athugasemdir félagsins.

Með bréfum, dags. 17. og 23. janúar 1995, til Félags íslenskra sjúkráþjálfara óskaði stefndi eftir umsögn félagsins um fyrirhugaðar breytingar á skránni. Skyldu athugasemdir berast fyrir lok miðvikudagsins 25. janúar 1995 vegna fyrra bréfsins, en í síðasta lagi þriðjudaginn 24. janúar 1995 vegna síðara bréfsins. Félagið gerði athugasemdir sínar með bréfum, dags. 24. og 25. janúar 1995, og mótmælti m.a. óheyrilega skömmum fyrirvara.

Samkvæmt framansögðu bárust athugasemdir frá öllum félögum. Þrátt fyrir það fóru engar viðræður fram milli aðila, áður en stefndi gaf út nýja skrá þegar föstudaginn 27. janúar 1995.

Þær breytingar sem stefndi gerði á umræddri skrá voru umtalsverðar og að nokkru leyti var um grundvallarbreytingu að ræða. Það ráðrúm sem stefndi gaf stéttarfélögum til að kynna sér fyrirhugaðar breytingar, sem rakið er hér að framan, verður að telja í allra knappasta lagi og í sumum tilfellum óhæfilega lítið. Þegar lítið er til tilgangans með gerð skráa þeirra, sem um ræðir í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. meðal annars athugasemdir með 19. gr. frumvarps þess, er varð að þeim lögum, verður að telja að þeim tilgangi verði ekki náð, nema þess sé gætt að tilhögun á lögskipuðu samráði aðila sé svo vönduð sem frekast má verða. Í því felst að stéttarfélögum sé veittur hæfilegur frestur til að kynna sér fyrirhugaðar breytingar og komi fram athugasemdir, fari fram viðræður milli aðila og leitað samkomulags áður en skrá er gefin út. Sjá álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 241/1990 í skýrslu umboðsmanns

fyrir árið 1990 bls. 176 og dóma Félagsdóms í máli nr. 2/1992, sbr. Dómasafn Félagsdóms IX. bindi bls. 519 og í máli nr. 12/1994, er kveðinn var upp 15. nóvember 1994. Að þessu virtu og þegar litið er til þess hvernig stefndi stóð að umræddu samráði svo sem að fram- an er lýst, sem af hans hálfu engar viðhlítandi skýringar hafa verið gefnar á, verður að telja að í þeim mæli hafi verið farið svo á svig við lögmæltu samráðsskyldu 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 að af þeim sökum beri að fella hinar umdeildu breytingar úr gildi.

Stefndi greiði stefnanda krónur 100.000 í málskostnað.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómsins.

D ó m s o r ð:

Kröfur stefnanda, Bandalags háskólamanna BHMR f.h. Fé- lags íslenskra hjúkrunarfélaga, Félags íslenskra náttúrufræð- inga, Meinatæknafélags Íslands, Röntgentæknafélags Íslands og Stéttarfélags sjúkraþjálfara í ríkisþjónustu, eru teknar til greina.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda málskostnað krónur 100.000.

S é r a t k v æ ð i **Guðmundar Skaftasonar.**

Ég get ekki fallist á þá niðurstöðu meirihluta dómsins að stefndi hafi í þeim mæli farið á svig við lögmæta samráðsskyldu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 að af þeim sökum beri að fella hinar umdeildu breytingar úr gildi.

Stefnandi heldur því fram svo sem lýst er í atkvæði meirihluta, að andmæla- eða samráðsréttur stéttarfélaganna hafi verið of skammur til að gera athugasemdir við breytingar frá fyrri undanþáguskrá. Með því hafi hann ekki verið virtur. Er jafnframt vísað til 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37 1993. Hér er það við að athuga að þau stéttar- félög, sem í hlut eiga, höfðu öll nýtt sinn andmælarétt fyrir 25. janúar 1995, en þá voru frestlok. Af þeim bréfaskiptum og fundum er fram fóru fyrir þann tíma verður ekki betur séð, en þau hafi not- að rétt sinn til að koma að andmælum sínum. Raunar sýnast þau snúast um það eitt hvort í undanþágulistunum skuli miða við svo-

nefnt „stórhátíðarfyriřkomulag“ eða fastákveðna dagvinnu- og gæsluvaktir. Sá frestur sem veittur var til andsvara verður að teljast í stysta lagi en þó nægur til að taka ákvörðun um þetta atriði. Að því er varðar rannsóknarskyldu stefnda samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37 1993 verður ekki betur séð en henni sé að öllu fullnægt. Þegar auglýsingin var gefin út lágu fyrir stjórnvaldinu fullkomnar upplýsingar um hvað ágreiningurinn snerist. Þessu til styrktar má benda á, að eftir að auglýsingin var gefin út fóru fram samráðsfundir og bréfaskriftir, sem leiddu ekki til samkomulags. Áður höfðu verið t.d. haldnir fundir með meinataeknum 19. janúar 1995 að Þverholti 18 og með náttúrufræðingum 20. s.m. á sama stað, sbr. dskj. 18 og 34. Ágreiningurinn stóð þannig í upphafi um að breyta svonefndu „stórhátíðarfyriřkomulagi“ í fastar vaktir ásamt því hvort af því leiddi aukningu á störfum í verkfalli. Þetta lá ljóst fyrir þegar auglýsing nr. 68 1995 var gefin út. Enn er þess að geta, að engar nýjar málsástæður hafa komið fram í málssókn þessari, sem ekki höfðu verið bornar fram af stéttarfélagunum fyrir útgáfu auglýsingarinnar. Því fer fjarri að rannsóknarskyldur hafi verið brotnar skv. 10. gr. stjórnsýslulaga.

Ekki teljast efni til að gera ríkari kröfur til reglna um stjórnsýslu eftir 2. mgr. 19. gr. en felast í hinum almennu stjórnsýslulögum, enda ekkert í orðalagi greinarinnar, sem bendir til þess. Umrætt samráð kann hvort heldur að vera munnlegt eða skriflegt. Um það segir ekkert í 2. mgr. 19. gr. Hvoru tveggja er jafngilt.

Eins og málið liggur fyrir þykir eftir atvikum rétt að taka afstöðu til þeirra einstöku efnisatriða sem um er deilt. Er þá litið til þess að málið fær efnisúrlausn í atkvæðum meirihluta dómsins. Þykir því rétt í upphafi að gera nokkra grein fyrir þeim almennu sjónarmiðum sem úrlausnin er byggð á.

Með 14. gr. laga nr. 94 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er stéttarfélagi heimilað að gera verkfall með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í lögnum. Í 1. mgr. 19. gr. tl. 1-6 eru þeir starfsmenn taldir, sem heimild til verkfalls nær ekki til. Í 3. tl. 1. mgr. greinarinnar eru nefndir þeir sem „starfa að nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu“. Ef ágreiningur rís um það hvaða einstakir starfsmenn skuli vinna í verkfalli dæmir Félagsgómur í slíkum málum, sbr. 5. tl. 1. mgr. 26. gr. Kann slíkan ágreiningur mega rekja til starfssamnings vinnuveitanda og starfs-

manns auk annarra ásteitingarsteina. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. skal fjármálaráðherra og sveitarfélög í upphafi árs, „birta skrár um störf þau“ sem falla undir 3.-6. tl. fyrri málsgreinar greinarinnar. Andmæli gegn breytingum á skráum skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal „ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu“.

Skrár þær sem boðnar eru í 2. mgr. 19. gr. eiga ekki að greina einstaklinga, tiltekna starfsmenn, heldur störf. Þetta hefur m.a. þá þýðingu, að stofnun er heimilt að láta rækja tiltekið starf, þótt viðkomandi starfsmaður geti ekki sinnt því eða honum kunni að vera það óskýlt.

Því er gjarnan borið við að undanþágur frá verkfallsheimild samkvæmt 1. mgr. 19. gr. beri að skýra þröngt og úrlausn slíkra mála látin velta á mjög strangri sönnunarskyldu vinnuveitanda, jafnframt því að ekki sé á verksviði Félagsdóms að meta hversu margir starfsmenn skuli starfa í verkfalli. Að því er tekur til þröngrar lögskýringar felst í henni, að ákvæði verður ekki skýrt rýmra en orð þess segja og því ekki beitt með lögjöfnun. Þegar fyrir liggja skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. og stéttarfélag andmælir þeim vegna þess, að þar sé að finna störf, sem þar eigi ekki heima eða tiltekin starfsheiti séu ofmönnuð, er það hlutverk dómsins að komast að efnislegri niðurstöðu með því að meta hvaða störf skuli inna af hendi til að fullnægt sé 3. tl. 1. mgr. 19. gr. Slíkt málefnislegt mat verður ekki byggt á lögfræðilegum sönnunarreglum, því hefur spurningin um þrönga lögskýringu mjög takmarkað gildi varðandi þetta verkefni. Þetta mat er ólíkt hinum algengustu verkefnum dómstóla þar sem spurningin er einfaldlega að kveða á um rétt og skyldu. Upphaflega var þetta starf kjaradeilunefndar samkvæmt 26. gr. laga nr. 29 1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Síðar var þetta nefndarstarf fengið Félagsdómi, sbr. nú lög nr. 94 1986. Kemur þetta glöggt fram í athugasemdum með 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Í athugasemdum við frumvarpsgrein að 26. gr. laga nr. 29 1976 segir, að verkfallsrétti „verði þau takmörk sett að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu“. Þessu atriði var í engu breytt er ákvörðunarvaldið um það hverjir skyldu vinna í verkfalli var fært til Félagsdóms, enda kemur það fram í athugasemdum við framvarpsgreinina. Framangreind regla frumvarpsins er sú viðmiðun sem unnt er að viðhafa í þessu efni. Verða því sjúkrahús að hafa nægan viðbún-

að til að fullnægja henni. Mat á því hvað sé nauðsynlegt eða nauðsynlegast er svo óljóst að lítt er til leiðbeiningar og þarf ekki að stangast á við fyrrgreint sjónarmið. Orðið „nauðsynlegustu“ hlýtur að miða við lækniaðgerðir eins og þær eru tíðkaðar nú, en ekki eins og þær voru fyrir áratugum. Það hvílir svo á lækniþræðilegu mati hvaða viðbúnað sjúkrastofnunar skal hafa til að bregðast við slysum og sjúkdómum og hvenær lækniaðgerð megi dragast til að „heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu“. Séu mál ekki nægilega skilmerkilega fyrir lögð, ber Félagsdómi að sjá um, að þau upplýsist sem best, sbr. 56. gr. laga nr. 80 1938. Eru honum fengin úrræði til þess í 56.-62. gr. laganna. Í þessum greinum má finna rök fyrir því að Félagsdómi voru falin áðurgreind nefndarstörf.

Í sambandi við þau undanþágumál eða listamál sem hér um ræðir, tel ég að nauðsynlegt sé að hafa í huga alla þætti þeirrar starfsemi, sem í hlut á. Í heild sinni er hún sett saman af mismunandi störfum, þar sem hvert og eitt er ómissandi eins og hlekkur í keðju. Þannig sýnist órökvíst að synja flugumferðarstjórum um verkfallsrétt, en heimila starfsmönnum sem kveikja lendingarljósin eða á radiovitanum eða annast flugbrautirnar verkfallsrétt, svo dæmi sé tekið. Slíka starfsemi verður að skoða alla en ekki hvert einstakt starf út af fyrir sig, án tengsla við önnur störf. Sama gildir í því máli, sem hér er til úrlausnar. Líta verður á öll störf í lækningaferlinum sem heild. Þar falla undir störf á svonefndum stoðdeildum. Komi beinbrotin maður til lækni á sjúkrahúsi mun fyrsta skipun að jafnaði vera að taka röntgenmynd. Hafi maðurinn fengið hjartaáfall mun það fyrsta sem gert er að meinataeknir tekur blóðsýni, vinnur úr þeim og skilar læknum skýrslu um niðurstöðu. Þegar leita þarf orsaka sjúkdóma eru slíkar rannsóknir undanfari allra lækningaaðgerða. Þær eru þannig ómissandi þáttur í öllu venjubundnu lækni-starfi eins og því er nú háttáð.

Þá ber einnig að líta til sjúkrastofnana í landinu í heild á þann hátt að samræmi sé milli undanþágulista þeirra að því leyti sem þær eru sambærilegar. Geri stéttarfélag ekki kröfu um breytingar á mönnun hjá stofnun A, ber til þess að líta við úrlausn kröfu um niðurfellingu hliðstæðra starfsheita hjá sjúkrastofnun B, sem starfar á sama sviði. Gera verður kröfu til að innbyrðis samræmi sé milli undanþágulistanna. Annars er sjúkrastofnunum mismunandi og þar með þeim sem þjónustu þeirra eiga að njóta.

Ástæða er til að nefna hér samband 3. tl. 19. gr. og 20. gr. laganna. 19. gr. 3. tl. miðar að því m.a., „að verkfallsrétti verði þau takmörk sett að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu“. Samkvæmt henni ber að fullnægja mönnun sjúkrahúss til að þessu markmiði verði náð. Að því er varðar 20. gr. kemur fyrst til hennar kasta, að neyðarástand hafi skapast, t.d. eins og við ótíðindi á borð við það, að hópslys hafi átt sér stað o.þ.h. Dæmin sem talin eru upp í athugasemd með frumvarpsgreininni sýna ljóslega að henni er ætlað að taka til viðgerða á fjarskipta- og veitukerfum, búnaði sjúkrahúsa, birgðadreifingar o.fl. Samkvæmt þess skal mönnun hinnar almennu lækniþjónustu fara eftir 19. gr. nema í undantekningar tilfellum að neyðarástand hafi skapast. Hitt er svo út af fyrir sig löggjafarlegt furðuverk, að við slíkar aðstæður skuli áskilið samþykki fulltrúa stéttarfélags í verkfalli til að hefjast handa um aðstoð viðkomandi heilsugæslufólks.

Af gögnum málsins og sérstakri athugun má sjá að sérstök vakta-skipan, svonefnt „stórhátíðarfyrirkomulag“, virðist óvída viðhaft. Þykir því skýrara að miða við ákveðnar vaktir en óskilgreint fyrirkomulag starfa.

Við munnlegan málflutning í máli því, sem hér er um fjallað, bar stefnandi fyrir sig að fella bæri niður tilgreiningar þar sem væri kveðið á um hluta úr heilu starfi. Var þar vísað til dóms Félagsdóms frá 30. október sl. í máli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra. Í stefnu var þessari málsástæðu ekki hreyft. Afstaða stéttarfélaga til þessa atriðis hefur ekki komið fram almennt. Þannig að hún er óljós. Engin grein var gerð fyrir því við hvaða starfsmenn væri átt. Þegar af þeirri ástæðu ber að hafna henni.

Verður nú vikið að einstökum kröfuliðum stefnanda með vísun til framangreindra forsendna eins og við á.

1. Sjúkrahúsið á Akranesi.

Þessi sjúkrastofnun er 95 rúma deildarskipt sjúkrahús, þar sem starfa að meðaltali 230 manns í 160 stöðugildum. Legudeildir eru lyflækningadeild með 30 rúm, handlækningadeild með 19 rúm, fæðinga- og kvensjúkdómadeild með 16 rúm og hjúkrunar- og endurhæfingadeild með 28 rúm. Svæfingadeild tengist starfsemi handlækninga- og fæðinga- og kvensjúkdómadeilda, en ekki er um eiginlega gjörgæsludeild að ræða á sjúkrahúsinu. Af stöðdeildum má nefna rannsóknardeild, röntgendeild og sjúkra- og iðjuþjálfun auk

annarrar hefðbundinnar þjónustu deilda. Árið 1990 var fjöldi legudaga 29.140 og fjöldi sjúklinga 2.364. Aðal upptökusvæði sjúkrahússins er Akranes, Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Héraðshlutdeild sjúklinga eftir legudögum sýnist á þessum tíma hafa verið um 80%.

Í málinu er deilt um gæsluvaktir hjúkrunarfræðinga á skurðstofu og svæfingardeild, eins á hvorri deild, ásamt hálfu starfi í meintækni og gæsluvakt utan dagvinnutíma. Stefnandi telur að þetta hjúkrunarfólk eigi að starfa eins og á stórhátíð svo sem tiltekið var í fyrri auglýsingu nr. 27 1992 eða eftir svokölluðu stórhátíðarfyrirkomulagi. Þá vekur hann athygli á því, að með gæsluvöktunum felist engin efnisleg takmörkun á þeim verkefnum sem vinna megir í verkfalli, en takmörkun felist eðli máls samkvæmt í eldri skilgreiningu. Sjúkrahúsið tekur fram, að ekki sé gerður greinarmunur á gæsluvakt annars vegar og gæsluvakt á stórhátíð hins vegar. Nákvæmlega sama fyrirkomulag gildi alla þessa daga. Ekki er rökstutt í málinu að nokkur afbrigðileg vaktaskipan að því er gæsluvaktir snertir eigi sér stað á sjúkrahúsinu um stórhátíðardaga. En þótt svo væri verður ekki fallist á, að „stórhátíðarfyrirkomulag“ feli í sér frekari takmörkun á verkefnum með því að sjúkrastofnanir hafa það einhliða á valdi sínu að ákveða gæsluvaktir um stórhátíðir. Í stefnu telur stefnandi hálf starf meinatækni of víðtæka skilgreiningu og telur eðlilegra að hann starfi eins og á stórhátíð. Á þetta verður heldur ekki fallist, enda auk þess sem að framan er ritað, verður ekki jafnað saman breyttri vaktaskipan sem aðeins stendur einn eða fáa sólarhringa við verkfallstíma er kann að vara í margar vikur.

Þegar litið er til upptökusvæðis og starfsemi þessa sjúkrahúss og þess viðbúnaðar sem því ber að hafa á verkfallstímum ásamt því að störf þau er um ræðir verður að telja ómissandi í lækningaferlinum, ef fullnægja á því skilyrði „að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu“, þykir bera að manna það samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986.

Er kröfum stefnanda því hafnað.

2. Sjúkrahúsið á Patreksfirði.

Heilsugæslulæknir gegnir lækniþjónustu á stofnuninni sem einnig er fæðingarstofnun. Rúmafjöldi er talin um 15. Deilt er um eina gæsluvakt meinatækni frá kl. 08-24. Rök stefnanda eru hliðstæð og í lið 1 að framan. Stefndi tekur fram, að á sjúkrahúsinu hafi ekkert stórhátíðarfyrirkomulag verið vegna vinnu meinatækna. Í verkfalli

þeirra 1994 hafi sjúkrahúsið orðið að samþykkja gæsluvaktargreiðslur til meinatæknis og hafi það fyrirkomulag komist á vegna þrýstings frá Meinatæknafélagi Íslands. Auglýsing nr. 68 1995 sé því staðfesting á framkvæmd sem komst á í því verkfalli. Ekki þykja efni til að taka kröfu stefnanda til greina bæði með tilvísun til þessa svo og þess er segir undur lið 1 hér að framan. Ennfremur er nokkur einangrun byggðarlagsins höfð í huga.

3. Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi.

Á þessu sjúkrahúsi starfar skurðlæknir og fæðingarlæknir auk fleiri lækna. Fjöldi rúma er um 33 og aðgerðir voru á árinu 1991 rúmlega 60. Upptökusvæði er Blönduós og Austur-Húnavatnssýsla og var héraðshlutfall sjúklinga þar um 44%.

Deilt er um störf röntgentækni, sem er Guðmundur Unnar Agnarsson, en hann vinnur jafnframt sem aðstoðarmaður við meinatækni. Hann er félagsmaður í félagi opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum, en það félag er ekki aðildarfélag Bandalags háskólamanna. Ber því eins og máli þessu er komið að sýkna stefnda að því er tekur til starfs Guðmundar. Meinatæknir sjúkrahússins er Anna Hjálmarsdóttir sem vinnur hálf starf. Hún vinnur ekki við röntgenstörf. Að því er starf hennar varðar ber með vísan til starfsemi sjúkrahússins og þess sem rakið er í lið 1 hér að framan og hafna kröfum stefnanda bæði að því er varðar dagvinnu og gæsluvakt.

4. Sjúkrahús Skagfirðinga.

Þetta sjúkrahús flokkast samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Stofnunin hefur á að skipa tveimur sérfræðingum í handlæknisfræði í 75% stöðu hvor og er einum sérfræðingi í lyflæknisfræði í 75% stöðu. Heimilislæknar eru þrír í 1,5 stöðu aðstoðarlæknis á sjúkrahúsinu. Á sjúkrahúsinu eru 81 rúm. Starfsmenn þess hafa verið tæplega 170 í 121,6 stöðugildum. Því er ætlað að þjóna Sauðárkrókskaupstað og Skagafjarðarsýslu. Íbúar svæðisins voru 4.580 í desember 1993. Héraðshlutdeild sjúklinga reiknuð eftir legudögum mun vera nær 90%. Sjúklingafjöldi árið 1993 var 684. Við spítalann er 60% staða skurðhjúkrunarfræðings. Tveir hjúkrunarfræðingar skipta með sér þessari vinnu á þann hátt að þeir vinna til skiptis á skurðstofu og legudeildum einn mánuð í senn. Hjúkrunarfræðingarnir skiptast einnig á að sinna bakvöktum fyrir skurðstofuna og varir vaktin viku í senn. Skurðaðgerðir eru á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Á rannsóknardeild

eru 2,5 stöðugildi, þ.e. tvö stöðugildi meinatækna og 0,5 stöðugildi aðstoðarmanns. Meinatæknarnir eru fjórir í 50% starfi hver. Sjúkrahús og heilsugæsla eru samrekin að verulegu leyti.

Deilt er um tilgreininguna meinatæknar/náttúrufræðingar, dagvinna (0,5) og gæsluvakt (1) utan dagvinnu. Þá er ágreiningur um tilgreiningu hjúkrunarfræðinga á skurðstofu dagvinna (1) og gæsluvakt (1) utan dagvinnu. Rök stefnanda fyrir niðurfellingu þessara tilgreininga eru þau, að þær feli í sér mönnun og fyrirkomulag, sem sé langt umfram það sem þörf sé á til þess að fullnægt sé kröfum um að sinnt sé nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Í auglýsingu nr. 27 1992 sé starfsemi á tilgreindum „deildum“ þessa sjúkrahúss sú að starfsemi þar skyldi vera eins og á stórhátíðum. Sjúkrahúsið tekur fram, að á rannsóknarstofu sé gæsluvakt allan sólarhringinn ef stórhátíð ber upp á helgi, en ef stórhátíð ber upp á virkan dag sé gæsluvakt í samræmi við dagvinnutíma, þ.e. frá kl. 08:00-16:00. Á skurðstofu sé gæsluvakt allan sólarhringinn á stórhátíðum hvort sem hana ber upp á helgi eða ekki. Stofnunin kveðst geta fallist á að tilgreiningin um störf starfsmanna á deildum þessum breytist þannig að dagvinna falli út og í staðinn verði gæsluvakt (1) allan sólarhringinn. Eftir atvikum telst rétt að dagvinna falli niður úr tilgreiningum, en í staðinn komi ein gæsluvakt á hvorri deild allan sólarhringinn. Vísat um það til rökstuðnings undir lið 1.

5. *Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.*

Á þessu sjúkrahúsi er sinnt sérfræðiþjónustu. Það skiptist í ýmsar deildir með 133 rúmum. Árlegur fjöldi aðgerða og meðferða á sjúkrahúsinu er ca 1400. Upptökusvæðið er Akureyri og Eyjafjörður og er héraðshlutfall sjúklinga 80-90%.

Ágreiningur er um eftirfarandi tilgreiningar: Sjúkraþjálfarar á sjúkraþjálfaradeild dagvinna (1) gæsluvakt (1) utan dagvinnutíma. Meinatæknar á meinafræðideild dagvinna (0,5) gæsluvakt (1) utan dagvinnutíma. Meinatæknar á rannsóknardeild og blóðbanka dagvinna (1) gæsluvakt (1) utan dagvinnutíma.

Stefnandi mótmælir tilgreiningu um störf á sjúkraþjálfaradeild. Engin starfsemi hafi verið tilgreind á þessari deild í auglýsingu nr. 27 1992 og telja þeir að í raun séu engrar slíkrar tilgreiningar þörf. Hann lýsir því þó yfir, að hann geti fallist á að tilgreining yrði sú að sjúkraþjálfarar á sjúkraþjálfaradeild starfi eins og á stórhátíð. Sjúkrahúsið tekur fram, að sjúkraþjálfunardeildin heyrir nú undir

endurhæfingardeild Fjórðungssjúkrahússins. Þar séu 4,5 stöðugildi sjúkraþjálfara. Aðal viðfangsefnið þeirra sé þjónusta við bráðadeildir stofnunarinnar. Með tilliti til þess að eitt aðalverkefni sjúkraþjálfara sé þjónusta við bráðveika sjúklunga, sérstaklega sjúklunga með öndunarfærasýkingar, þ.m.t. börn, telur stofnunin að algjör fjarvera sjúkraþjálfara í verkfalli stefni þjónustu við bráðveika undir öryggismörk. Stefndi kveðst hins vegar geta fallist á að til staðar verði gæsluvakt líkt og nú tíðkast um helgar og stórhátíðir. Með hliðsjón af framanrituðu þykir tilgreiningin dagvinna (1) mega falla niður en eftir standi gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.

Stefnandi telur tilgreiningu um störf á meinafræðideild of víðtæka. Í auglýsingu nr. 27 1992 hafi verið tekið fram að meintæknir á meinafræðideild skuli vera einn. Telur hann réttustu tilgreininguna vera þá, að á meinafræðideild skuli starfsemi vera eins og á stórhátíðum. Stefndi andmælir því, að starfsemin verði miðuð við stórhátíðarfyrirkomulag. Hann segir tvo meinataekna vera að störfum á deildinni sem hvor um sig sé í hálfu starfi. Sé annar félagi í Meinataeknafélagi Íslands en hinn í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar. Kveðst yfirlæknir deildarinnar eftir atvikum geta fallist á að starfsemi meinafræðideildar í lögmætu verkfalli meinataekna, geti verið í svipuðu horfi og á stórhátíðum að því er tekur til meinataeknis í Meinataeknafélagi Íslands. Eftir atvikum telst rétt að hafna kröfum stefnanda.

Stefnandi mótmælir tilgreiningu um starf á rannsóknardeild og blóðbanka sjúkrahússins. Vísar hann um það til fyrri röksemda, en telur að samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992 skyldi einungis vera í gangi bakvakt á deildinni. Feli því tilgreining í auglýsingu nr. 68 1995 í sér mikla aukningu frá því sem áður var. Tekur hann fram að hér sem endranær sé eðlilegast að tilgreiningin yrði sú, að starfsemin skyldi vera eins og á stórhátíð. Stefndi hafnar því alveg að gæsluvaktarfyrirkomulag feli í sér aukningu frá því sem áður hafi verið, enda komi fram í málgögnum að um sé að ræða fækkun á deildunum frá því sem var skv. auglýsingu nr. 27 1992. Í bréfi yfirlæknis deildanna frá 2. maí 1995 dskj. 94 kemur fram, að hann hafi gert tillögu um undanþágu frá verkfallsheimild er tæki til tveggja meinataekna í dagvinnu og eins meinataeknis á gæsluvakt. Síðan segir: „Við teljum að einn meinataeknir geti ekki lokið þeirri dagvinnu, sem búast má við að leysa þurfi af hendi tafarlaust, og að sú mönn-

un sé þess vegna ekki forsvaranleg frá öryggissjónarmiði. Við minnum á að við FSA er stöðug bráðavakt og að á hverjum degi þarf að gera margvíslegar rannsóknir hjá bráðveikum sjúklingum og slys eða óvænt aðgerð getur leitt til þess að meinatæknir sé bundinn við störf í blóðbanka í lengri tíma. Við rannsóknadeild FSA fara fram sýklafræðirannsóknir, sem krefjast vinnu meinatæknis alla daga ársins, og við blóðbankaeininguna fer fram blóðsöfnun, blóðvinnsla og blóðbankarannsóknir. Staða rannsóknardeilda FSA er að þessu leyti ólík stöðu rannsóknardeildar Borgarspítalans og rannsóknastofu Landspítalans í blóðmeina- og meinefnafræði, sem breytir miklu um þörf á undanþágum í verkfalli. Við rannsóknardeild Borgarspítalans er hvorki blóðsöfnun né blóðvinnsla og við rannsóknarstofur Landspítalans er hvorki blóðbankastarfsemi né sýklafræðirannsóknir. Rannsóknardeild FSA hefur lengi haft fastmótað vinnufyrirkomulag á stórhátíðum. Samkvæmt reynslu af verkefnum er það með tvennum hætti. Á jóladag og nýársdag sinna tveir meinatæknar dagvinnu og einn meinatæknir gæsluvakt. Á öðrum stórhátíðum sinna þrír meinatæknar dagvinnu og einn meinatæknir gæsluvakt. Áðurnefndar tillögur okkar um undanþágu til vinnu í verkfalli samræmast því vinnu á stórhátíðum, þegar vinnuframlag er í lágmarki, eins og talið er eðlilegt að sé samkvæmt kærú BHMÚ“.

Að framangreindu athuguðu teljast ekki efni til að breyta tilgreiningum varðandi þessar deildir á undanþáguskránni skv. auglýsingu nr. 68 1995.

6. Sjúkrahúsið á Húsavík.

Þessi sjúkrastofnun er flokkast eftir lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Hún hefur á að skipa tveimur sérfræðingum í handlæknisfræði, hvor í 80% stöðu auk sérfræðinga í heimilislækningum. Heimilislæknarnir eru fimm í 2,4 stöðugildum aðstoðarlækna, hver í 0,48 stöðugildi. Aðal upptökusvæðið er Húsavík og báðar Þingeyjarsýslur að undanskildum helmingi Suður-Þingeyjarsýslu sem tilheyrir Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Rúmafjöldi 1993 var 62 og sjúklingafjöldi sama ár 534 og fjöldi legudaga 18.506. Fjöldi rannsókna það ár nam 21.653. Héraðshlutdeild sjúklinga reiknuð eftir legudögum var 1993 ríflega 80%. Fjöldi fæðinga 1993 var 39. Sjúkrahúsið er rekið í starfstengslum við Heilsugæslustöðina á Húsavík og Hvamm, dvalarheimili aldraðra.

Ágreiningur er um gæsluvakt (1,4) hjúkrunarfræðinga á skurð-

stofu. Stefnendur telja tilgreininguna fela í sér mikla aukningu frá því sem var í auglýsingu nr. 27 1992, en samkvæmt henni skyldi starfsemin vera eins og á stórhátíð. Í bréfi sjúkrahússins dags. 22. apríl 1995 segir, að alltaf sé einn hjúkrunarfræðingur á gæsluvakt á stórhátíðum. Sé það skoðun stjórnenda stofnunarinnar að það sé lágmarks heilbrigðisþjónusta á svo stóru svæði sem sjúkrahúsið þjónar. Hjúkrunarfræðingar á gæsluvakt á stórhátíðum sinni aðeins útköllum í neyðartilvikum og þá samkvæmt ósk læknis. Stefndi kveðst geta fallist á að tilgreiningin verði gæsluvakt (1).

Með vísan til framanritaðs telst rétt að ákveða að á gæsluvakt allan sólarhringinn sé einn hjúkrunarfræðingur.

7. Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað.

Þetta sjúkrahús flokkast eftir lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Árið 1994 voru þar 34 rúm og er vísir að deildarskiptingu. Í árslok þess árs störfuðu á sjúkrahúsinu og heilsugæslustöðinni 83 starfsmenn. Heimiluð stöðugildi á sama tíma voru 62. Legudagar alls voru 13.155 og rannsóknir 12.729, skurðaðgerðir 271 og fæðingar 41. Skurðstofa er á sjúkrahúsinu og slystastaða rekin af því. Endurhæfingastöð er starfrækt við sjúkrahúsið.

Ágreiningur er um tilgreininguna meintæknar (0,5).

Stefnandi kveðst telja hana allt of víðtæka miðað við þörf til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Í auglýsingu nr. 27 1992 voru fyrirmæli um að störf á rannsóknarstofu skyldu verða eins og stórhátíð og telur stefnandi það rétta tilgreiningu. Í bréfi sjúkrahússins frá 27. apríl 1995 dskj. 98 segir svo: „Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað sinnir bráðaðþjónustu fyrir Austurland og Austfirði. Við sjúkrahúsið eru starfandi þrír læknar. Sérfræðingur í skurðlækningum og lyflækningum og svæfingalæknir. Bráðamóttaka fyrir lyfjagæði og handlæknisdeild er allan sólarhringinn. Sjúklingar hafa verið um 750 á ári og koma víða að. Það er ekki viðunandi staða fyrir sjúkrahús sem sinnir bráðamóttöku sjúklinga að hafa ekki á daginn einn starfsmann á röntgendeild og einn á rannsóknardeild. Meinatæknir og röntgentæknir sinna bakvöktum eftir vinnutíma á daginn, um helgar og á hátíðum“. Í sama bréfi segir ennfremur: „Stjórnendur FSN gera þá kröfu að ein staða röntgentæknis og ein staða meinatæknis verði viðurkennd sem lágmarksmönnun ef til verkfalls kemur“.

Þegar lítið er til þess að um bráðaðþjónustu er að ræða á sjúkra-

húsinu sem og stöðu meinatæknis í hjúkrunarferlinu, þykir eftir atvikum rétt að taka kröfu sjúkrahússins til greina og ákveðst þá tilgreiningin þannig meinatæknir dagvinna (1).

9. Sjúkrahúsið á Egilsstöðum.

Heilsugæslulæknir gegnir lækniþjónustu við þetta sjúkrahús. Fjöldi rúma er um 35.

Ágreiningur er um tilgreininguna, sem er sameiginleg fyrir sjúkrahús og heilsugæslu, meinatæknar dagvinna (0,5).

Stefnandi mótmælir þessari nýju tilgreiningu á störfum meinatækna sem allt of víðtækri miðað við fyriræli 19. gr. laga nr. 94 1986. Telur hann þau eiga að vera eins og á síðasta undanþágulista að aðeins skuli miðað við starfsemi eins og hún sé á stórhátíð. Í bréfi sjúkrahússins dags. 22. apríl 1995 segir svo: „Meinatæknir við heilsugæslustöðina á Egilsstöðum, sem jafnframt þjónar sjúkrahúsinu, vinnur reglubundna vinnu á dagvöktum virka daga og ekki er um að ræða sérstakt fyrirkomulag vegna vinnu á stórhátíðum“. Með hliðsjón af þessu og með tilvísun til þess er segir í lið 1 hér að framan um sjúkrahúsið á Akranesi þykir tilgreiningin mega óbreytt standa.

10. Sjúkrahús Suðurlands.

Þetta sjúkrahús flokkast eftir lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Það er ekki að lögum deildarskipt að öðru leyti en því hvað varðar skiptingu í almenna sjúklinga og langlegu sjúklinga. Fjöldi rúma er 61 og starfsmannafjöldi ca. 150 og setin stöðugildi tæplega 100. Sjúklingafjöldi 1994 var 1.376, skurðaðgerðir 916, fæðingar 185 og rannsóknir sama ár 25.740. Stöðugildi sérfræðinga við sjúkrahúsið eru 4,0 og sinna þeim fimm læknar. Skurðlæknir, yfirlæknir, svæfingarlæknir og kvensjúkdómalæknir hver um sig í 75% stöðum. Auk þess er aðstoðarlæknir í 100% stöðu. Sjúkrahúsinu er ætlað að þjóna Selfoskaupstað auk íbúa Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Íbúafjöldi svæðisins var tæplega 16 þúsund manns í desember 1994. Heilsugæslustöðin á Selfossi er rekin í starfstengslum við sjúkrahúsið eins og kveðið er á um í 12. gr. laga um heilbrigðisþjónustu þannig að þjónustudeildir og starfstöð nýtist fyrir hvor tveggja. Ennfremur er sjúkrahúsið í starfstengslum við meðferðarheimilið að Sogni.

Ágreiningur er um tilgreiningarnar: Hjúkrunarfræðingar á skurðstofu gæsluvakt (1) og meinatæknar á rannsóknarstofu dagvinna

(0,5) og gæsluvakt (1) utan dagvinnu. Stefnandi mótmælir þeim breytingum sem hann telur felast í tilgreiningunni í auglýsingu nr. 68 1995 varðandi skurðstofu og rannsóknardeild. Telur hann tilgreininguna víðtækari en áður var og langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Er meira að segja svo að sögn stefnenda, að á þessu sjúkrahúsi sé ekki viðhaft gæsluvaktarfyrirkomulag í dag. Störf eða starfsemi meinatækna og á skurðstofu telur hann að skuli vera eins og á stórhátíð. Í bréfi sjúkrahússins frá 3. maí 1995, dskj. 102, segir að nauðsynlegt sé að fram komi „að við Sjúkrahús Suðurlands er viðhaft bakvaktarfyrirkomulag á hjúkrunarfræðingum á skurðstofu, einnig er viðhaft bakvaktarfyrirkomulag á rannsóknarstofu um helgar. Ekkert sérstakt stórhátíðarfyrirkomulag hefur verið á vöktum og mun því slík viðmiðun í verkfalli vera með öllu ónothæf. Þar sem meinatæknar starfa aðeins á bakvöktum um helgar, en starfa eingöngu á dagvöktum aðra daga, er nauðsynlegt að viðhafa slíkt fyrirkomulag, enda gert ráð fyrir að skerðing verði á stöðufjölda í verkfalli. Gífurleg aukning hefur verið á starfsemi Sjúkrahúss Suðurlands undanfarin misseri og má sem dæmi nefna að fjölgun fæðinga á árinu 1994 frá 1993 var 42,3% og enn er veruleg aukning á starfseminni. Þannig hefur legudögum fjölgað 21,7% á sama tíma. Það er því ljóst að sunnlendingar gera æ meiri kröfur um þjónustu í sinni heimabyggð. Þessu verður að mæta með betri viðbúnaði á sjúkrahúsinu“.

Að framangreindu athuguðu og með vísan til liðs 1, Sjúkrahússins á Akranesi, teljast ekki efni til að breyta tilgreiningum samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995.

II. Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum.

Sjúkrahúsið flokkast eftir lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Slíkt sjúkrahús tekur við sjúklingum til rannsóknar og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegsjúklinga. Þar hafa starfað á undanförunum árum milli 95 og 100 manns á 66,3 setnum stöðugildum. Fjöldi rúma í notkun 1993 var 48, sjúklingafjöldi það ár 807 og legudagar 10.664. Skurðaðgerðir 580 og rannsóknir 20.844. Sjúkrahúsinu er ætlað að þjóna Vestmannaeyjabæ og sé öllum legum á sjúkrahúsinu skipt eftir því frá hvaða landssvæði sjúklingarnir koma, þ.e. eftir lögheimili þeirra, sést að 93% eru frá Vestmannaeyjum. Sjúkrahúsið hefur á að skipa sérfræðingi í handlæknisfræði, sérfræðingi í lyflæknisfræði og svæfingarlækni öllum í

fullri stöðu auk þess er staða fyrir aðstoðarlækni á sjúkrahúsinu, sem heilsugæslulæknar fjórir að tölu skipta milli sín hver í 0,25 stöðu.

Ágreiningur er um tilgreiningu hjúkrunarfræðinga á skurðstofu gæsluvakt (2).

Stefnandi mótmælir tilgreiningunni um starfsemi á skurðstofu og telur hana miklu viðtækari en þörf sé á. Hann tekur fram að gæsluvakta tilgreining sú, sem viðhöfð sé varðandi þetta sjúkrahús sé viðtækari en það gæsluvaktarfyrríkomulag sem notað sé í dag við venjulegar aðstæður. Í bréfi sjúkrahússins dags. 4. maí 1995, dskj. nr. 104, segir að nauðsynlegt sé að fram komi „að við Sjúkrahús Vestmannaeyja er ekkert sérstakt stórhátíðarfyrríkomulag á vöktum hjúkrunarfræðinga og mun því slík viðmiðun í verkfalli verða með öllu ónothæf. Aðeins tveir hjúkrunarfræðingar starfa við skurðstofu sjúkrahússins og er ekki unnt að framkvæma neinar aðgerðir á skurðstofu nema þeir báðir séu viðstaddir aðgerðir“.

Eftir atvikum þykir ekki efni til að breyta tilgreiningu á undanþágulistanum eins og hann liggur nú fyrir.

12. Sjúkrahús Suðurnesja.

Þetta sjúkrahús flokkast samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu sem almennt sjúkrahús. Rúmafjöldi árið 1994 var 58, legudagar alls 18.014, skurðaðgerðir 1.053, fæðingar 279 og rannsóknir 32.373. Starfssvæðið er Reykjanes og íbúafjöldi þess var á ofangreindu ári tæplega 16 þúsund manns. Um 86% af öllum legudögum á sjúkrahúsinu er vegna sjúklinga á svæðinu. Stöðugildi sérfræðinga við sjúkrahúsið eru 3,85 og sinna þeim átta læknar. Skurðlæknar eru tveir. Annar er í 75% stöðu og er hann yfirlæknir. Hinn skurðlæknirinn er jafnframt lýtalæknir og er hann í 50% stöðu. Fæðingalæknar eru tveir hvor í 50% stöðu og annar þeirra yfirlæknir fæðingardeildar. Svæfingarlæknir er í 100% stöðu. Ennfremur eru ráðnir við sjúkrahúsið bæklunarlæknir í 25% stöðu, háls- nef- og eyrnalæknir í 25% stöðu og barnalæknir í 10% stöðu og sinnir sá ungbarnaeftirliti á fæðingardeildinni. Sjúkrahúsið er í starfstengslum við Heilsugæslustöð Suðurnesja.

Ágreiningur er um hjúkrunarfræðinga á skurðstofu gæsluvakt (3) virka daga og meinatækna á rannsóknarstofu gæsluvakt (2,8) frá kl. 08-24.

Stefnandi telur að tilgreining um störf á skurðstofu og rannsóknarstofu sé miklu víðtækari en þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu og mun víðtækari en áður hafi verið. Samkvæmt fyrri tilgreiningum hafi störf á þessum deildum átt að fara fram eins og á stórhátíð. Bendir hann á í þessu sambandi að skurðstofa á þessu sjúkrahúsi sé lokuð í þrjá mánuði á ári, þ.e. yfir sumarmánuðina, og því sé aldeilis fráleitt, að henni sé haldið opinni í verkfalli. Stefndi bendir á, að lokun skurðstofu hafi stafað af niðurskurði á fjárveitingum og sé þar ekki um varanlegt ástand að ræða. Ennfremur vísar hann til þess að nauðsynlegt sé að tilgreining sé um gæsluvakt. Hins vegar felst stefndi á, að aðeins verði starfandi einn meinatæknir á gæsluvakt frá kl. 08:00-24:00.

Eftir atvikum og í samanburði við önnur sjúkrahús þykir rétt að tilgreining vegna hjúkrunarfræðinga verði: gæsluvakt (1) og tilgreining vegna rannsóknarstofu verði „meinatæknar gæsluvakt (1) frá kl. 08-24“.

Ríkisspítalar stoðdeildir.

Endurhæfingadeild.

Stefnandi telur, að tilgreining um að sjúkraþjálfarar (1) skuli starfa allan daginn og einn sjúkraþjálfari skuli vera á gæsluvakt allan sólarhringinn sé allt of víðtæk miðað við það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Hann kveðst vilja vekja athygli á, að samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992 hafi verið tekið fram að endurhæfingadeild skuli starfa eins og á stórhátíð. Hann lýsir því þó yfir, að hann geti fallist á að tilgreining yrði sú, að sjúkraþjálfarar (1) starfi í dagvinnu á Kópavogshæli, en í því felist viðbót við tilgreiningu skv. fyrri skrá, þ.e. nr. 27 1992. Fjöldi rúma á Landspítala er 825 á Borgarspítala 408 og á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 133. Stéttarfélagið hefur samþykkt að á hinum tveim síðarnefndu spítölum skyldi fara fram vinna sjúkraþjálfara á verkfallstíma í samræmi við stórhátíðarfyrirkomulag og gæsluvakt sjúkraþjálfara allan sólarhringinn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Með hliðsjón af þessu telst umdeild tilgreining samkvæmt undanþáguskrá ekki óeðlileg. Ekki er fallist á að binda umrætt starf við Kópavogshæli þar sem það er í verkfalli á valdi stefnda að ákveða með hvaða fyrirkomulagi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu verði sinnt, sbr. dóm Féld. frá 26. maí 1995.

Ríkisspítalar rannsóknarstofur.

1. Litningarannsóknir.

Um tilgreiningu á störfum við litningarannsóknir telur stefnandi að hún sé allt of viðtæk. Í auglýsingu 27 1992 sé gert ráð fyrir að störf meinatækna/náttúrufræðinga (1) við litningarannsóknir séu eins og á stórhátíðarvakt. Telur hann þá tilgreiningu rétta. Tilgreiningin í auglýsingunni nr. 68 1995 feli í sér aukningu frá fyrri auglýsingu. Tilgreiningin sé langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Stefndi telur að á litningarannsóknardeild ríkisspítala starfi að jafnaði samtímis tveir líffræðingar og fjórir meinatæknar, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi, auk rannsóknarmanns í fullu starfi og læknis í fullu starfi. Stefndi telur þá þjónustu nauðsynlega með tilliti til öryggisgæslu og lágmarks heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma. Það geti orðið óbætanlegt tjón fyrir viðkomandi sjúkling ef nauðsynlegum sýnum er annað hvort ekki veitt viðtaka eða þau ekki unnin. Nægi þar að nefna nýfædd börn með vanskapnað, þungaðar konur í áhættuhópi með tilliti til fósturgalla og sjúklinga með illkynja æxli, einkum hvítblæði. Að sumu leyti vinni líffræðingar og meinatæknar að sömu verkefnum, en að sumu leyti sé um verkaskiptingu að ræða. Hingað til hafi einungis komið til verkfalls hjá annarri stéttinni í einu. Þá hafi sú stétt sem í verkfalli hefur verið í það sinnið, sinnt sínum afmörkuðu verkefnum í samræmi við samþykktar undanþágubeiðnir eins og ástæða hafi verið til miðað við þau sýni sem til rannsóknar hafi verið hverju sinni. Hin stéttin hafi að sjálfsögðu unnið fulla vinnu á meðan. Fyrirfram skipulögðu vaktakerfi hafi verið haldið gangandi á öllum frídögum til að veita viðtöku hugsanlegum bráðasýnum og til að koma í veg fyrir að þau mikilvægu rannsóknarsýni, sem í ræktun hafi verið, eyðilegðust. Líffræðingar og meinatæknar hafi tekið gæsluvaktir þessa frídaga til skiptis samkvæmt ákveðnu vaktakerfi og í hlutfalli við starfshlutfall. Bráðasýni hafi verið fullunnin virka daga samkvæmt undanþágum.

Ljóst má vera, að rannsóknirnar ber að manna samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Um er að ræða rannsóknir, sem sýnilegt er að ekki mega þola bið án þess að öryggi og heilsu fólks verði stefnt í hættu. Með hliðsjón af hinni almennu mönnun við rannsóknirnar þykir tilgreiningunni í hóf stillt og ber því að hafna kröfu stefnanda.

Vefjarannsóknir 1 og 2.

Stefnandi krefst þess að felld verið brott tilgreining, að því leyti sem fram kemur í kröfugerð, um störf á rannsóknarstofu í meinafræði (RH) vefjarannsóknir 1 og 2. Megi um þá kröfugerð segja hið sama og um síðast greindan kröfufilið. Taki mótmælin til tilgreininga á störfum meinatækna á vefjarannsóknum 1 og 2, sem samkvæmt tilgreiningu í auglýsingu nr. 68 1995 sé allt of víðtæk. Samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992 skyldu meinatæknar (2) starfa eins og á stórhátíðarvakt og telur stefnandi að það sé efnislega rétt tilgreining, sem sé auk þess miklu skýrari en sú sem lagt er til í hinni nýju auglýsingu. Stefndi telur að á vefjarannsóknarstofu 1 og 2 hafi engin breyting orðið frá því sem verið hafi samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992, en þar skuli nú starfa tveir meinatæknar og annar þeirra á gæsluvakt. Með því verði að telja að frekar hafi verið dregið úr mönnun en hitt og tilgreiningin gerð nákvæmari en áður. Þess vegna sé því alfarið mótmælt að tilgreiningin sé allt of víðtæk.

Við samanburð á undanþáguskránum er svo að sjá að við hafi bæst meinatæknir á gæsluvakt. Verkefni þessara rannsókna mun vera að skoða vefjasýni til frekari sjúkdómsgreiningar, enda mun aldrei mega taka slík sýni nema til skoðunar vefjafraðideildar komi. Beiðnir um skoðun geta komið frá flestum deildum spítalans en sérstaklega frá handlækniseildum. Starfsemi þessara deilda sýnist vera ómissandi liður í lækningaferlinu og teljast ekki efni til að breyta þessari tilgreiningu. Er kröfu stefnanda því hafnað.

Rannsóknarstofur í blóðmeina- og meinefnafræði.

Hin umdeilda tilgreining er: Meinatæknar (4) og meinatæknar á gæsluvakt (1). Stefnandi mótmælir tilgreiningunni í auglýsingunni eins og fram kemur í kröfugerð. Hann segir rökin sömu og að framán greinir. Samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992 skyldu störf á rannsóknardeild I – II á LSP eins og tilgreiningin var þá vera eins og á stórhátíðarvakt. Stefndi telur að í raun sé um að ræða fækkun frá því sem verið hafði í auglýsingu nr. 27 1992, þar sem nú sé miðað við gæsluvakt en ekki stórhátíðarfyrirkomulag. Við samanburð á auglýsingunum frá 1992 og frá 1995 verður ekki séð, að um aukningu starfa sé að ræða.

Er kröfu stefnanda því hafnað.

Ísótópastofa.

Starfsemi þessarar deildar lýtur að rannsóknum vegna sjúkdómsgreininga svo sem t.d. á krabbameini, skjaldkirtilssjúkdómum o.fl. Ágreiningurinn snýst um tilgreininguna meinatæknar á gæsluvakt (1). Stefnandi gerir kröfu um að tilgreiningin verði felld úr gildi að því leyti sem fram komi í kröfugerð. Vísar hann um röksemdir til síðustu kröfuliða. Er vitnað til auglýsingar nr. 27 1992 um að störf skyldu vera eins og á stórhátíðarvakt. Stefndi telur, að varðandi ísótópastofu sé í raun um að ræða fækkun starfa á sama hátt og áður greini um blóðmeina- og meinafræðideild. Af undanþáguskránni frá 1992 má sjá, að á ísótópastofu skyldi vera að störfum meina-tæknir (1) en í gildandi skrá er aðeins reiknað með meinatækni á gæsluvakt (1). Teljast því ekki efni til að taka kröfu stefnanda til greina og er þá litið jafnframt til starfsemi deildarinnar.

Sýklarannsóknardeild.

Þessi deild sinnir mikilvægu hlutverki við rannsóknir við leit að bakteríum vegna sjúkdómsgreininga. Hin umdeilda tilgreining varðar tvo meinatækna og meinatækni á gæsluvakt. Stefnandi gerir kröfu um að tilgreiningin verði felld niður með sömu rökum eins og fyrr greinir. Samkvæmt auglýsingu nr. 27 1992 skyldu störf á sýklarannsóknardeild vera eins og á stórhátíðarvakt og telst það að mati stefnanda rétt tilgreining. Í áðurgreindri undanþáguskrá frá 1992 var tilgreiningin: Meinatæknir (1) og meinatæknir á gæsluvakt (1). Er því um að ræða fjölgun um einn meinatækni. Í bréfi yfirlæknis dags. 28. apríl 1995, dskj. 108, segir svo: „Í síðasta verkfalli meina-tækna kom berlega í ljós að einn meinatæknir annaði ekki þeirri lágmarksþjónustu sem aðilar voru sammála að innt skyldi af hendi og jafnframt hafa þá yfirsýn sem nauðsynleg er til að koma í veg fyrir slys. Því voru ætíð að jafnaði tveir meinatæknar að störfum og viðbótarstarfskraftur kallaður til starfa að auki þegar þörf var á. Viðmiðun við stórhátíð, sem stendur aldrei nema á annan sólarhring, er ljóslega ekki viðeigandi þegar um er að ræða verkföll, sem geta staðið vikum saman“. Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið þykir eiga að manna deildina samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. en ekki 20. gr. Er kröfu stefnanda því hafnað.

Ónæmisfræðideild.

Í undanþáguskrá nr. 68 1995 er tilgreiningin: Meinatæknar á gæsluvakt (1). Samkvæmt eldri skrá nr. 27 1992 var tilgreiningin:

Meinataeknir (1). Stefnandi mótmælir tilgreiningunni og vísar til sömu röksemda og áður, en samkvæmt auglýsingu 27 1992 skyldi starfsemin þar vera eins og á stórhátíðarvakt að hann telur. Stefndi segir tilgreininguna á ónæmisfræðideild í hinni nýju skrá óbreytta að öðru leyti en að miðað sé nú við gæsluvakt. Vísar hann að öðru leyti til fyrri röksemda hér að lútandi. Ekki teljast efni til að taka kröfu stefnanda til greina og er henni því hafnað.

Veirufræðideild.

Starfsemi þessarar deildar varðar nútíma sjúkdómsgreiningar og felur í sér rannsóknir og ræktun blóðsýna og ýmissa annarra sýna sem og mótefnamælingar og margt fleira. Er hún á sínu sviði hliðstæð sýklarannsóknadeild. Ágreiningur er um tilgreiningarnar á almennt deild: Meinataeknir (1) og náttúrufræðingur (1) og við áhætturannsóknir náttúrufræðingar á gæsluvakt (1). Eldri tilgreining var: Meinataeknir/ náttúrufræðingur (1). Stefnandi mótmælir því tilgreiningu um störf á deildinni bæði almennt deild og við áhætturannsóknir. Vísar hann til þeirra röksemda er áður greinir, auk þess sem hann bendir á að tilgreiningin feli í sér mikla aukningu á fyrri auglýsingu. Telur hann engin rök hafa verið færð fyrir hinni auknu tilgreiningu í auglýsingu nr. 68 1995. Stefndi telur þörf fyrir undanþágu fyrir einn meinataekni/náttúrufræðing og stafi aukningin af því að sitthvort starfið sé sérhæft og ókleift að starfsmennirnir gangi á milli í starf hvors annars. Þá mótmælir hann sem áður viðmiðun við stórhátíðarfyrirkomulag. Vegna mikilvægis þessarar deildar í lækningaferlinum þykir rétt að hafna kröfum stefnanda.

Blóðbankinn.

Ágreiningur er um tilgreiningu hjá blóðónæmisdeild í blóðbanka er svofelldur: Náttúrufræðingar (4) og náttúrufræðingar á gæsluvakt (2). Eldri tilgreining var: Blóðónæmisdeild náttúrufræðingar (2) og náttúrufræðingur (1) á umframvakt við eyðniþróf. Stefnandi kveðst mótmæla tilgreiningunni með sömu rökum og áður. Hann tekur fram að það sé ekki rétt, þegar fullyrt er af hálfu stefnda, að breyting á vægi starfa á Landspítalanum í Reykjavík vegna tilflutnings á störfum frá Landakotsspítala skipti hér einhverju máli. Hann tekur fram að blóðbankinn hafi þjónað öllu landinu nema Akureyri og nærsveitum. Þess vegna skipti tilfærsla í störfum milli einstakra sjúkrahúsa á Stór-Reykjavíkursvæðinu engu máli. Stefndi telur fjölgun undanþáguheimilda byggja á brýnni þörf svo sem lýst sé í

greinargerð forstöðulæknis blóðbankans. Bendir hann á, að í verkfalli Félags íslenskra náttúrufræðinga á árinu 1989 hafi komið upp tilvik þar sem legið hafi við stórslysum sökum undirmönnunar hjá blóðbankanum. Í skýrslu forstöðulæknis, dskj. 108, segir, að á rannsóknardeild starfi líffræðingar og einn meinataknir. Stöðugildi séu 13,2. Starfsfólk rannsóknardeildar starfi við blóðflokkanir blóðgjafa og sjúklinga, vírusskimun blóðgjafa, blóðhlutavinnslu, gæðaftirlit blóðhluta, blóðhlutalager, krossprófun eininga og frágang á rannsóknarniðurstöðu. Blóðbankinn sé eina sérhæfða stofnunin á sviði blóðbankaþjónustu á Íslandi. Hann safni rúmlega 90% þess blóðs sem safnað sé í landinu. Honum beri að tryggja að fyrir hendi sé nægilega stór blóðhlutalager. Þjónusta sé nauðsynleg svo ekki skapist „akút“ ástand í meðferð sjúkra bæði með tilliti til slysa, skurðaðgerða, krabbameinslækninga og annarra meðferða. Hann segir að miklar og ófyrirsjáanlegar sveiflur séu fylgifiskar blóðbankastarfsminnar. Stafi það m.a. af því að geymsluþol blóðhlutalagersins sé ekki langt og í sumum tilfellum mjög stutt, t.d. að því er varðar blóðflögubýkkni er einungis geymast í 5 sólarhringa. Þá sé eftirspurnin mjög sveiflukennd og ekki fyrirsjáanleg. Þegar litið er til grundvallar stöðu blóðbankans í heilbrigðiskerfinu sem „akút“ deildar þykir rétt að hafna kröfum stefnanda.

Röntgendeild.

Ágreiningur hér er varðandi tilgreiningarnar: Röntgen virka daga röntgentæknar á gæsluvakt (1) og röntgen aðra daga röntgentæknar á gæsluvakt (2). Tilgreiningin sýnist vera sú sama og var í undanþáguskrá frá 1992. Stefnandi mótmælir störfum á röntgendeild eins og þau eru tilgreind í auglýsingu um undanþágur 1995. Hann telur ljóst að tilgreiningin feli í sér mikla aukningu frá því sem var skv. fyrri auglýsingu og hafi sú aukning ekki verið rökstudd eða réttlætt og geri hann því kröfu um að tilgreiningin í auglýsingunni verði felld úr gildi eins og kröfugerðin sé sett fram. Stefndi andmælir því að starfað verði eins og á stórhátíð og með sömu rökum og fyrr. Ennfremur mótmælir hann því að um sé að ræða mikla aukningu starfa eins og stefnandi haldi fram. Ekki hafa verið leidd rök að því að um aukningu starfa sé að ræða frá fyrri undanþágulista sem og því, að þegar litið er til umfangs læknaaðgerða á viðkomandi sjúkrahúsi sýnist mönnun röntgendeildar í verkfalli vera í hóf stillt og er þá jafnframt litið til annarra stórra sjúkrahúsa í landinu.

St. Jósefsspítali, Hafnarfirði.

Hér deila málsaðilar um tilgreiningarnar: Skurðstofur og sótt-hreinsun hjúkrunarfræðingar gæsluvakt (1), svæfingadeild hjúkrunarfræðingar gæsluvakt (1), speglunardeild hjúkrunarfræðingar dagvinna (0,5) og Rannsókn yfirmeinataæknir dagvinna (0,5) gæsluvakt utan dagvinnu. Stefnandi andmælir tilgreiningum á sjúkrahúsinu varðandi eftirtaldar deildir: Skurðstofur og sótt-hreinsun, svæfingadeild, speglunardeild og Rannsókn. Hann telur tilgreiningar varðandi þær allt of víðtækar og langt umfram það sem þörf sé á til að sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Einnig vegna þess að í þeim felist engin efnisleg takmörkun. Vísar hann til auglýsingar nr. 27 1992 þar sem tekið sé fram að um störf á þessum deildum skuli fara eins og á stórhátíð. Stefndi mótmælir því, að störf hjúkrunarfræðinga á fyrrnefndum deildum feli í sér allt of víðtæka mönnun. Hann telur mönnun skv. hinni nýju skrá í raun minni en áður hafi verið, bæði með því að ráðgert er að hver hjúkrunarfræðingur standi gæsluvakt og því að á speglunardeild sé fækkað um hálf stöðugildi. Hann kveðst þó geta fallist á að við rannsókn verði tilgreiningin: Meinataæknir (1) gæsluvakt allan sólarhringinn. Í bréfi sjúkrahússins dags. 16. janúar 1995, dskj. 111, segir svo: „Þær breytingar sem fram koma eru í samræmi við það hlutverk sem sjúkrahúsinu er ætlað í auglýsingu frá heilbrigðisráðuneyti frá því á síðasta ári. Bráðavaktir á lyflækningadeild kalla á viðvarandi starfsemi á speglunardeild. Þá er einnig gert ráð fyrir því að starfsemi á handlækningadeild kalli á viðvarandi starfsemi á skurð- og svæfingadeild. Þetta á einnig við um Rannsókn og Röntgen“. Með tilvísun til framanritaðs telst rétt að tilgreiningarnar standi óbreyttar að öðru leyti en því að tilgreining fyrir rannsókn verði „meinataæknir (1) gæsluvakt allan sólarhringinn“.

Því er nokkuð áfátt hvernig málsaðilar hafa lagt mál þetta sem og fleiri undanþágumál fyrir dóminn. Stefnt var ófyrirsynju vegna fjölda starfa sem stefnandi á ekki aðild að. Yfirþyrmandi umræða um lögskýringu er haldið uppi linnulaust en lýsing málavaxta að sama skapi ófullnægjandi. Þannig er ekki gerð grein fyrir stöðu hverrar sjúkrastofnunar í heilbrigðiskerfinu og tíðast á ófullnægjandi hátt stöðu rannsóknar- eða stoðdeilda eða deilda innan sjúkrastofnunar og ekki hvernig einstök störf stétta tengjast hjúkrunarferlinum. Sjaldnast er getið venjulegrar mönnunar viðkomandi

vinnustaðar (deildar). Læknisfræðileg álit skortir of mikið um nauðsyn starfanna, þótt á læknisfræðilegu mati verði fyrst og fremst að byggja hvaða störfum skuli sinna í verkfalli til „að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu“.

Úr þessu hefur verið reynt að bæta með upplýsingum úr opinberum skýrslum og álitum sérfróðra manna, sbr. 62. gr. laga nr. 80 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem eftir atvikum telst hæfilega ákveðin kr. 100.000.

D ó m s o r ð :

Hinar umdeildu tilgreiningar samkvæmt auglýsingu nr. 68 1995 skulu standa óbreyttar að öðru leyti en því er að neðan greinir.

Sjúkrahús Skagfirðinga:

Niður falli tilgreining á rannsóknarstofu og skurðstofu og í stað hennar komi:

Meinataeknir/náttúrufræðingur,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
Skurðstofa, hjúkrunarfræðingar,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri:

Niður falli tilgreiningin: Sjúkraþjálfarar dagvinna (1) gæsluvakt (1) utan dagvinnu, en í stað hennar komi:

Sjúkraþjálfarar,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
------------------	---------------------------------------

Sjúkrahúsið á Húsavík:

Niður falli tilgreiningin: Hjúkrunarfræðingar gæsluvakt (1,4). Í staðinn komi:

Hjúkrunarfræðingar,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
---------------------	---------------------------------------

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað:

Niður falli tilgreiningin: Meinataeknir (0,5). Í staðinn komi:
Meinataeknir, dagvinna (1).

Sjúkrahús Suðurnesja:

Niður falli tilgreiningarnar skurðstofa: Hjúkrunarfræðingar gæsluvakt (3) virka daga og á rannsóknarstofu: Meinatæknar gæsluvakt kl. 08-24. Í staðinn komi:

Skurðstofa,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
Rannsóknarstofa: Meinatæknir,	gæsluvakt (1) frá kl. 08-24.

St. Jósefsspítali Hafnarfirði:

Niður falli á rannsóknarstofu tilgreiningin: Yfirmeinatæknir dagvinna (0,5) gæsluvakt utan dagvinnu. Í staðinn komi:

Rannsóknarstofa, meinatæknir,	gæsluvakt (1) allan sólarhringinn.
-------------------------------	---------------------------------------

Stefnandi, Bandalag háskólamanna greiði f.h. framangreindra aðildarfélaga sinna fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs kr. 100.000 í málskostnað.
